Veturliði Óskarsson og Þorsteinn G. Indriðason

Að *snarbatna, steingleyma* og *dauðleiðast*

Samtímaleg og söguleg athugun á áhersluforliðum með sögnum í íslensku

1 Inngangur

Í þessari grein er fjallað um áhersluforliði (öðru nafni herðandi forliði, e. bound intensifiers) og stöðu þeirra með sögnum í íslensku, samtímalega og sögulega.[1] Áhersluforliðir líkjast um margt forskeytum en hafa fengið hlutverk sitt tiltölulega nýlega í sögu íslensks máls ef þeir eru bornir saman við eiginleg forskeyti, sem flest eiga sér eldfornan uppruna, frumnorrænan, germanskan eða jafnvel indóevrópskan (sbr. Ásgeir Blöndal Magnússon 1995 undir t.d. *and-*, *auð*, *mis-* og *ör-*). Ekki verður fjallað um áhersluorð (e. syntactic intensifiers) á borð við *geðveikt*, *ruglað* eða *sjúkt* sérstaklega, þ.e. lýsingarorð sem orðið hafa fyrir kerfisvæðingu (e. grammaticalization) og fengið herðandi (atviks)hlutverk, enda standa þau yfirleitt með lýsingarorðum, sbr. *geðveikt góður*, en geta þó einnig staðið sem lýsingarorð, sbr. *þetta er alveg geðveikt*; sjá umfjöllun hjá Westervoll (2015), Fjeld (2020) og Stratton og Sundquist (2021) um áhersluorð almennt og svo í norsku sérstaklega.

[1] Höfundar þakka ritrýnum og ritstjórum *Orðs og tungu* fyrir gagnlegar athugasemdir við fyrri gerð. Enn fremur fær Katrín Axelsdóttir þakkir fyrir yfirlestur og góðar ábendingar. Allt sem missagt kann að vera skrifast á reikning höfunda.

Orð og tunga 26 (2024), 57–94, https://doi.org/10.33112/ordogtunga.26.4
© höfundar CC BY-NC-SA 4.0.

Töluvert hefur verið skrifað um áhersluforliði í íslensku með lýsingarorðum eins og *bálreiður* og *draugfúll*, og með nafnorðum, sbr. *dúndurfyllirí* og *þrumustuð* (sjá Sigrúnu Þorgeirsdóttur 1986; Margréti Jónsdóttur 2018; Þorstein G. Indriðason 2018, 2019). Mun minna hefur verið fjallað um áhersluforliði með sögnum og gildir það ekki einungis um íslensku heldur einnig um önnur mál. Þar er um að ræða dæmi eins og sýnd eru í (1), þar sem ljóst er að fyrri liðurinn hefur áhersluhlutverk en ekki eiginlega merkingu:[2]

(1) blóðlanga, drullutapa, svínbeygja, grútskamma, steingleyma

Hlutverk og merking fyrri liðarins er þannig annars eðlis en t.d. í sögnum eins og *blóðsjúga* ‘sjúga blóð (úr skepnu)’ og *steinleggja* ‘leggja (götu o.þ.h.) með steinum’, þar sem merkingarsamband fyrri og seinni liðarins er oftast skýrt.[3]

Stundum má í sögu orðanna greina ferli frá því að fyrri liðurinn hafi haft skýrt merkingarhlutverk yfir í að hann verði einungis herðandi eða áhersluberandi. Þannig vísar t.d. elsta dæmi um sögnina *svínbeygja*, sem er að finna í Snorra-Eddu, til þess þegar konungur á flótta kastar gullpeningum til jarðar til að stöðva þá sem á eftir honum koma sem fær þá til að líkjast svínum að róta í jarðveginum, „svínbeygt hefi ek nú þann er ríkastr er með Svíum“ (Faulkes 1998:59). Nú er hin eiginlega merking löngu horfin og forliðurinn *svín-* hefur einungis áhersluhlutverk, sbr. dæmi eins og „Gömul hjón svínbeygja ræningja“ (*Morgunblaðið* 6.12.1998, *Tímarit.is*, sem er safn blaða og tímarita frá lokum 18. aldar til nútímans (hér eftir Tím.)), þar sem *svín-* herðir merkingu sagnarinnar *beygja*.[4]

[2] Öll orð sem tekin eru sem dæmi í þessari grein hafa höfundar fundið í textum, orðabókum eða á netinu. Höfundar hafa stundum valið að nota sjaldgæf orð fremur en algeng til þess að sýna fjölbreytni dæmasafnsins.

[3] Sbr. dæmið „Ísteka nægir ekki að blóðsjúga 5.300 fylfullar merar, og tæma þær af vaxtarhormóninu“ (Facebook 2021). Hins vegar er hægt að nota *blóðsjúga* í óeiginlegri merkingu, t.d. „Félagið er í rúst og að halda að besta stragegían [*svo*] sé að blóðsjúga viðskiptavini Símans og VÍS til að hámarka hagnað […].“ (Blogg 2009). Um slíka yfirfærða merkingu er yfirleitt ekki að ræða í *steinleggja*, sem að jafnaði hefur eiginlega merkingu. Þó fundust tvö dæmi um slíkt; „steinleggja þessa gaura“ (hugi.is, 1.6.2006) og „það er búið að steinleggja þetta upp fyrir þau“ (Twitter, 1.4.2021).

[4] Stundum geta áhersluforliðir styrkt mismunandi merkingu sagnar, sbr. t.d. *svínbeygja* í „ökumaðurinn svínbeygði fyrir mig“ og „Það liggur í loftinu að [*nafn*] verði svínbeygð og hún muni […] ekki framlengja bannið eftir 1. september“ (*Mannlíf* 13.8.2023).

Sjálfir áhersluforliðirnir með nafnorðum, lýsingarorðum og sögnum eru oftast runnir frá nafnorðum, sbr. t.d. *þrumustuð* og *staurblankur*, stundum frá lýsingarorðum, t.d. *blá-* og *grá-* í *blásaklaus* og *grábölvaður*, en sjaldan beint frá sagnstofnum. Þó gætu dæmi eins og *drep-* í *drepleiðinlegur* verið merki um slíkt.

Í greininni hyggjumst við leita svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum um áhersluforliði og sagnir:

1. Hvers eðlis eru áhersluforliðir og hvernig má lýsa málfræðilegu sambandi áhersluforliða og sagna?

2. Eiga áhersluforliðir með sögnum eitthvað sameiginlegt formlega og merkingarlega?

3. Eiga sagnir með áhersluforliðum eitthvað sameiginlegt formlega og merkingarlega?

4. Er hægt að greina sögulega þróun áhersluforliða frá liðum með eiginlega merkingu?

Með hjálp gagnagrunna verður reynt að gefa góða mynd af áhersluforliðum sem geta staðið með sögnum og sambandi áhersluforliða og sagna lýst með setningarlegum formgerðum.

Einnig verður skoðað hvort annars konar áhersluforliðir séu notaðir með sögnum en með lýsingarorðum og nafnorðum. Að sama skapi verður skoðað hvers eðlis sagnirnar eru sem standa með áhersluforliðum og hvort greina megi sameiginlega þætti þar.

Síðasta rannsóknarspurningin reynir að svara því hversu gamalt fyrirbærið áhersluforliðir með sögnum er í málinu, með því að kanna þróun þess sögulega frá elstu íslensku til nútímamáls.

Efnisskipan er á þá leið að í 2. kafla er fræðileg greinargerð um áhersluforliði í íslensku og ýmsum málum og ræddir möguleikar til þess að flokka þá. Í 3. kafla verður sagt frá efniviði rannsóknarinnar, gagnagrunnum sem notaðir voru við söfnun dæma auk þess sem rætt verður um flokkun dæmanna. Í 4. kafla verður greint frá þróun áhersluforliðanna úr elstu íslensku til nútímamáls og ýmis dæmi tekin. Að auki verður fjallað um flokkun sagna með áhersluforliðum, virkni áhersluforliðanna og samband áhersluforliða, háttaratviksorða og sagna. Í 5. kafla eru helstu niðurstöður dregnar saman og þær ræddar.

2 Fræðileg úttekt um áhersluforliði

2.1 Almennt um áhersluforliði

Áhersluforliði má skoða bæði frá formlegu og merkingarlegu sjónarhorni. Formlega líkjast þeir mest sjálfstæðum orðum enda dregnir af þeim en hafa aftur á móti svipað hlutverk og hefðbundin forskeyti. Merkingarlega má segja að flestir áhersluforliðir hafi misst upphaflega merkingu og séu nú einungis notaðir til áherslu. Þannig á *aska í öskureiður* lítið skylt við þá ösku sem eldfjöll spúa frá sér; hér hefur merkingin veiklast og liðurinn *aska í öskureiður* er einungis notaður til þess að lýsa ákveðnu stigi reiðinnar. Því má segja að hægt sé að nota áhersluforliði til þess að tjá það hvað manni finnst um hluti, fyrirbæri o.s.frv. á tilfinningalegan hátt.

2.2 Tilraun til flokkunar eftir eðli áherslunnar

Flokka má áhersluorð og áhersluforliði á ýmsan hátt eftir eðli áherslunnar, þ.e. hvort áherslan styrki merkingu orðsins sem það stendur með eða dragi úr henni (sjá einkum Stratton 2020:188–189, en einnig minnist Fjeld 2020:114–116 á þessa flokkun sem hún byggir á Bolinger 1972). Í tilvitnuðum ritum er aðallega fjallað um áhersluorð en margt af því sem sagt er um þau gæti eins átt við áhersluforliðina. Um hlutverk áhersluorða segir Fjeld (2020:115) sérstaklega: „Forsterkerordene har altså en spesiell språklig funksjon. I og med at de gjerne har en svekket eller bleket leksikalsk betydning, kan de byttes ut uten at frasen de står i endrer saklig innhold eller gir ny informasjon, jf. utsagn som *det var bra/det var jævlig bra/det var utrolig bra*.“ Fram kemur hjá Stratton (2020) að menn hafi ekki verið einhuga þegar kemur að flokkun áhersluorða og áherslulíða. Hér er flokkun hans fylgt nokkuð nákvæmlega en hann byggir hana á Quirk o.fl. (1985). Samkvæmt Stratton (2020:188–189) má skipta áherslunni í annars vegar *magnara* (e. amplifiers) og hins vegar *dempara* (e. downtoners). Mögnurum, sem herða merkingu orðsins sem þeir standa með, má skipta í eftirfarandi undirflokka (sjá Stratton 2020:189; þýðingar á heitum magnara og dempara og undirflokka þeirra eru okkar höfunda):

(2) a. hámarkara (e. maximizers): Herða merkinguna sérstaklega mikið: Kaffið var *ógeðslega* heitt

b. stækkara (e. boosters): Eru ekki eins herðandi og hámarkarar: Kaffið var *virkilega* heitt

Á sama hátt má skipta dempurum, sem draga úr hinni herðandi merkingu, í eftirfarandi undirflokka:

(3) a. nálgara (e. approximators): Hafa jafnandi áhrif: Ég er *næstum* viss um það

b. sættara (e. compromisers): Draga aðeins úr herðandi merkingu: Það er *þó nokkuð* heitt

c. smækkara (e. diminishers): Draga verulega úr herðandi merkingu: Bókin var *sæmilega* áhugaverð

d. lágmarkara (e. minimizers): Hafa nær engin herðandi áhrif: Hann er *varla* ánægður með þetta

Áhersluforliðirnir sem eru til umfjöllunar í greininni eru að mestum hluta *magnarar*, þ.e. hámarkarar eða stækkarar. Auðvelt er að finna áhersluorð sem eru lágmarkarar, eins og í dæminu *Jón var pínu óljós í svari sínu*, en hið sama gildir ekki um *pínu-* sem áherslulið í *pínulítill* því að þar mætti túlka liðinn sem hámarkara, 'mjög lítill'. Athyglisverður er þessi munur sem virðist vera á notkun áhersluforliða annars vegar og áhersluorða hins vegar. Áhersluforliðirnir virðast mun einsleitari merkingarlega (nær einungis hámarkarar og stækkarar) en áhersluorðin sem hafa fjölbreyttari merkingarflóru, frá *ógeðslega* til *virkilega* til *næstum* til *þó nokkuð* til *sæmilega* til *varla*.

2.3 Eru áhersluforliðir kerfisvæddir?

Eins og fram kom í 2.1 má skoða áhersluforliði í íslensku bæði frá formlegu og merkingarlegu sjónarhorni (efni þessa undirkafla byggist að nokkru leyti á Þorsteini G. Indriðasyni 2019:48–55). Hin formlega spurning snýst um stöðu áhersluforliðanna innan orðmyndunarkerfisins: Eru þetta forskeyti eða sjálfstæð orð eða einhvers konar millistig milli forskeyta og sjálfstæðra orða? Hér er hallast að hinu síðastnefnda, að áhersluforliðir séu millistig á milli sjálfstæðra orða og forskeyta. Liðirnir líta út eins og sjálfstæð orð en hafa annað

hlutverk en þau. Áhersluforliðirnir eru oft settir í flokk svokallaðra *forskeytislíkja* (e. prefixoids) sem eru einhvers konar millistig milli orða og forskeyta þar sem yfirleitt er gert ráð fyrir að forliðirnir hafi verið kerfisvæddir (e. grammaticalized) frá sjálfstæðum orðum (sjá t.d. Stevens 2005; Ascoop og Leuschner 2006; Goethem 2008; Meibauer 2013).

Við kerfisvæðingu er einkum litið til þriggja atriða, þ.e. merkingarrýrnunar (e. semantic bleaching), formrýrnunar (e. morphological reduction) og hljóðröskunar (e. phonetic erosion), sbr. t.d. Matisoff (1999) og Heine og Kuteva (2002). Svo virðist sem áhersluforliðir uppfylli vel fyrsta atriðið fyrir kerfisvæðingu. Þeir eru til við hliðina á samsvarandi sjálfstæðu orði eins og áður var nefnt en hafa orðið fyrir merkingarrýrnun og fela í sér áhersluauka, sbr. *Töflu 1*, sjá Þorstein G. Indriðason (2019:43). Stundum er munur eiginlegrar merkingar og kerfisvæddrar sáralítill, sbr. *sauðheimskur* og *nautheimskur* þar sem túlka má forliðina bæði í eiginlegri merkingu sem 'heimskur eins og sauður/naut' (sem líkingamál) og í kerfisvæddu hlutverki, 'mjög heimskur'. Dæmi á borð við þessi má einnig skoða með líkingar (myndmál) í huga en rýmisins vegna verður það ekki gert hér.

Í *Töflu 1* er þessi munur eiginlegrar merkingar og kerfisvæddrar merkingar mjög mikill.

Eiginleg merking	eitur-efni	bál-köstur	blóð-rannsókn
Áherslumerking	eitur-ruglaður	bál-reiður	blóð-latur

Tafla 1: Munur á fyrri liðum með eiginlega merkingu og fyrri liðum með áherslumerkingu.

Erfiðara er að finna óyggjandi nýleg dæmi um formrýrnun í áhersluforliðum samfara kerfisvæðingunni en slík dæmi má finna sögulega, sbr. þróun sjálfstæða orðsins **wandija* 'að snúa mót einhverju' yfir í viðskeytið *-indi* (sjá Iversen 1973:163). Hins vegar má segja að ekki sé óeðlilegt að liðir sem kerfisvæðast haldi formi sínu þótt merkingarlegt innihald rýrni. Formrýrnun gerist á lengri tíma að því er virðist. Hljóðraskanir eru heldur ekki augsýnilegar við kerfisvæðinguna. Eina breytingin sem kemur til greina er yfirsneiðleg (e. suprasegmental), þ.e. að við kerfisvæðinguna hefur orðið meira flökt á áherslunni, sem getur flust frá forliðnum yfir á grunnorðið þegar áhersluforliðir eiga í hlut, sbr. muninn á *öskufall* með aðaláherslu á fyrri lið og *öskureiður* þar sem hægt er að hafa aðaláherslu annaðhvort á fyrri lið eða seinni.

Stærsta breytingin í áhersluforliðum í íslensku er þá merkingarrýrnunin, sbr. *öskufall* og *öskureiður* hér að framan, en þessi rýrnun getur þó verið missterk eftir áhersluforliðum. Ef við hins vegar skoðum nánar tengsl áhersluforliða og forskeytislíkja, sem minnst var á hér fyrr, þá koma í ljós a.m.k. eftirfarandi líkindi: Áhersluforliðir eru til samhliða sjálfstæða orðinu eins og áður hefur verið nefnt, og þeir hafa aðra merkingu en sjálfstæða orðið. Að auki geta áhersluforliðir tengst orðum af öðrum orðflokkum, en sjálfstæða orðið og liðirnir eru notaðir á kerfisbundinn hátt til áherslu (sjá Stevens 2005:73 og Ascoop og Leuschner 2006:245–256). Varðandi næstsíðasta atriðið um orðflokkana þá getur *eitur* sem sjálfstætt orð sjaldnast tengst lýsingarorðum. Þetta er þó ekki algilt því að til eru samsetningar með öðrum sjálfstæðum orðum eins og *aska*. Þar er orðið notað í eiginlegri merkingu með lýsingarorði, sbr. *öskugrár* og *öskufrír*.

2.4 Áhersluforliðir með lýsingarorðum og nafnorðum í íslensku

Áhersluforliðir í íslensku eru algengir með lýsingarorðum, sbr. dæmi eins og í (4):

(4) bál-reiður, stál-heppinn, draug-fúll

Í þessum dæmum er auðveldlega hægt að skipta áhersluforliðnum út fyrir atviksorðið *mjög*, þ.e. *bálreiður* → *mjög reiður*, *stálheppinn* → *mjög heppinn* og *draugfúll* → *mjög fúll*.

Áhersluforliðir geta einnig staðið með nafnorðum, sbr. (5):

(5) dúndur-fyllerí, þrumu-stuð, risa-planta

Atviksorð standa venjulega ekki næst á undan nafnorðum í setningarliðum og hér er því ekki mögulegt að skipta út áhersluforlið fyrir atviksorð eingöngu, sbr. **mjög fyllirí* eða **ákaflega stuð*, heldur verður lýsingarorð að fylgja með að auki, sbr. *mjög mikið fyllirí*, eða þá að einungis lýsingarorð sé notað með nafnorðinu, *mikið fyllirí*.

Þorsteinn G. Indriðason (2018, 2019) fjallaði um tæplega fimmtíu áhersluforliði í íslensku með lýsingarorðum, flokkaði þá og gerði grein fyrir þeim formlega, með tilliti til þess hvort þeir kæmu fyrir í eignarfalli eða sem stofn. Að auki fylgdi merkingarleg greining. Í *Töflu 2* eru sýndir

áhersluforliðir sem eru stofnar (sumir tvíkvæðir) með lýsingarorðum með dæmum (sbr. Þorstein G. Indriðason 2019:46):

band-vitlaus	draug-fullur	graut-fúll	hund-fúll	skít-þreyttur
bál-reiður	drep-leiðinlegur	grá-bölvaður	keng-rugl-aður	snar-óður
blá-saklaus	dúndur-góður	grjót-timbr-aður	kol-geggj-aður	staur-blank-ur
blek-fullur	eitur-ruglaður	grút-spæld-ur	ríg-mont-inn	stál-heppinn
blóð-latur	fjall-myndar-legur	hand-ónýtur	rok-dýr	stein-hissa
blý-þungur	fok-reiður	hrút-leiðinlegur	sauð-heimskur	svín-drukk-inn
dauð-leiður	gler-þunnur	hræ-ódýr	silki-mjúk-ur	

Tafla 2: Áhersluforliðir sem eru stofnar með lýsingarorðum.

Í *Töflu 3* eru svo sýndir áhersluforliðir í eignarfalli með lýsingarorðum og dæmi (sbr. Þorstein G. Indriðason 2019:45):

arfa-vitlaus	drullu-pirr-aður	hörku-spennandi	sultu-slakur	þrusu-fínn
auga-fullur	fanta-góður[5]	pöddu-fullur	víðáttu-drukkinn	ösku-reiður
dauða-drukkinn	gufu-rugl-aður	snældu-bilaður	þrumu-góður	

Tafla 3: Áhersluforliðir í eignarfalli með lýsingarorðum.[5]

Gott er að hafa þessi einkenni í huga þegar fjallað verður um áhersluforliði með sögnum síðar í greininni, bæði hvað varðar byggingu (þ.e. stofn eða eignarfall) og merkingarlegt samband liðanna við sagnir.

2.5 Um áhersluforliði í skyldum málum

Töluvert hefur verið fjallað um áhersluforliði og áhersluorð í skyldum málum eins og norsku (Skommer 1993; Westervoll 2015; Mjelde 2018;

[5] Ritrýnir nefnir að hér geti einnig verið um að ræða forskeyti dregið af e. *fantastic*, þ. *fantastisch* o.þ.h.

Fjeld 2020; Stratton og Sundquist 2021, 2022), færeysku (Petersen 2018) og sænsku (Ascoop og Leuschner 2006). Einnig hefur verið fjallað um áhersluforliði í þýsku og hollensku sérstaklega (Meibauer 2013; Battefeld o.fl. 2018) og í germönskum málum almennt (Norde og Goethem 2018).

Í norsku eru til staðar svipaðar tegundir áhersluforliða og í íslensku (sjá t.d. Mjelde 2018). Forliðirnir geta staðið með nafnorðum eins og í (6), lýsingarorðum eins og í (7) og sögnum eins og í (8):

(6) *dritt-sommer* '(mjög) lélegt sumar', *kanon-debatt* 'hörkufín umræða', *konge-følelse* '(ansi hreint) frábær tilfinning'

(7) *døds-gøy* 'mjög skemmtilegt', *knall-god* 'mjög góður', *kjempe-snill* 'mjög hlýr, góðhjartaður'

(8) *spreng-lese* 'lesa í hvelli', *storm-springe* 'hlaupa sem eldibrandur', *stup-lande* 'lenda á harkalegan hátt', *blod-jobbe* 'vinna rosalega mikið', *drømme-åpne* 'byrja gríðarvel (í fótbolta)'

Petersen (2018:25) tilgreinir einungis lýsingarorð með áhersluforliðum í færeysku, en getur þar margra liða og í (9) eru sumir þeirra nefndir:

(9) *botn-frekur* 'mjög frekur', *deyða-stillur* 'mjög hljóður', *grót-harður* 'mjög harður', *kjokk-fullur* 'yfirfullur' (t.d. poki af vörum), *kola-svartur* 'mjög svartur', *skít-lekkur* 'mjög fallegur', *steyr-blindur* 'algerlega blindur' og *svína-heldigur* 'mjög heppinn'

Í sænsku tilgreinir Lundbladh (2002) mest áhersluforliði með lýsingarorðum eins og í (10):

(10) *bomb-säker* 'handviss', *dunder-fin* 'mjög fínn', *elva-förbannad* 'bálreiður', *grund-hederlig* 'strangheiðarlegur', *rosen-rasende* 'bálillur', *skit-full* 'gríðarlega drukkinn', *språng-galen* 'algerlega galinn'

Meibauer (2013) rannsakar aðallega formgerðir af tegundinni *N* + *N* (nafnorð + nafnorð), en ræðir minna um formgerðir eins og *N* + *A* (nafnorð + lýsingarorð). Þó nefnir hann nokkur dæmi (Meibauer 2013:24–25) sem tíunduð eru í (11):

(11) *arsch-kalt* (rasskalt) ‘mjög kalt’, *drecks-schwül* (skítarakt) ‘hrikalega rakt’, *grotten-schlecht* (hellislélegt) ‘mjög lélegt’, *hunds-gemein* (hundillgjarn) ‘mjög illgjarn’, *schrott-dumm* (hægðaheimskur) ‘mjög heimskur’, *schweine-teuer* (svíndýrt) ‘mjög dýrt’

Battefeld o.fl. (2018) bera saman áhersluforliði í þýsku, sænsku og hollensku, og þá einkum með nafnorðum, en nefna þó einnig formgerðir með lýsingarorðum (2018:247) og eru dæmi úr hollensku sýnd í (12):

(12) *reuze-benieuwd* ‘risaforvitinn’, *reuze-blij* ‘risahamingjusamur’, *kankers-tom* (sjúkdómstómur) ‘mjög heimskur’, *kankers-vet* (sjúkdómsfeitur) ‘mjög afslappaður’, *kut-goed* (skítvænn) ‘mjög vænn (maður)’

Athyglisvert er við þennan samanburð að einungis í umfjöllun um norsku er minnst á áhersluforliði með sögnum en oftast talað um áhersluforliði með nafnorðum og lýsingarorðum. Í flestum þessara skrifa er litið svo á að áhersluforliðir séu kerfisvædd afbrigði samsvarandi orða þar sem kerfisvæðingin felur í sér að eiginleg merking liðarins sé að mestu horfin. Liðurinn hefur þess í stað fengið málfræðilegt hlutverk, þ.e. að leggja sérstaka áherslu á merkingu orðsins sem liðurinn stendur með. Meibauer (2013:28–29) er þó þeirrar skoðunar að merking áhersluforliðarins sé afleiðing merkingarvíkkunar sjálfstæða orðsins en ekki tilkomin vegna kerfisvæðingar.

3 Efniviður rannsóknarinnar

3.1 Dæmasöfnunin

Eins og áður var nefnt hefur lítið verið skrifað um áhersluforliði með sögnum í íslensku. Í grein Þorsteins G. Indriðasonar (2019) um áhersluforliði með lýsingarorðum er myndun sagna með slíkum forliðum nefnd og gefin nokkur dæmi (2019:62). Hjá Sigrúnu Þorgeirsdóttur (1986) eru nefnd dæmi um áhersluforliði með sögnum og yfirlit um notkun áhersluforliða með nafnorðum, lýsingarorðum og sögnum má nálgast þar í viðauka. Hér var farin sú leið að kanna nánar í hvaða mæli áhersluforliðir sem standa með lýsingarorðum og nafnorðum, sem nefndir eru í þessum skrifum, gætu einnig

staðið með sögnum, auk annarra forliða sem komu í ljós við vinnslu greinarinnar.

Dæma var leitað á Tím.; í nýjustu útgáfu af *Risamálheildinni* (Rmh.), sem er mörkuð málheild með um 2.429 milljónir lesmálsorða, að langmestu leyti úr máli síðustu áratuga (Starkaður Barkarson, Steinþór Steingrímsson og Hildur Hafsteinsdóttir 2022:2373); og á netinu með leitarvélinni *Google.com*. Skoðaðir voru 38 áhersluforliðir og voru þeir, eins og áður sagði, valdir með hliðsjón af áhersluforliðunum í 2.4. Þeir eru sýndir hér í *Töflu 4*.

bál-	bráð-	fok-	haug(a)-	keng-	sár-	snar-	tröll-
blá-	dauð-	gler-	há-	kol-	skít-	sót-	þræl-
blóð-	draug-	grjót-	hel-	ramm-	skíta-	stál-	þver-
blý-	drep-	grút-	hrút-	rík-	smekk-	stein-	
botn-	drullu-	harð-	hund-	rok-	smell-	svín-	

Tafla 4: 38 áhersluforliðir sem geta staðið með sögnum í íslensku nútímamáli.

Athyglisvert er, og skal bent á það strax, að flestir liðirnir með sögnum eru einsatkvæðisliðir, allir nema *drullu-*, *hauga-* og *skíta-*, en mun fleiri tvíkvæðir liðir (oftast rót + eignarfallsending) gátu staðið með lýsingarorðum (sjá Þorstein G. Indriðason 2019:45). Líkleg skýring á þessu gæti verið sú að í samsettum nafnorðum og lýsingarorðum má finna fyrri liði í eignarfalli, en síður í samsettum sögnum.

Þessir 38 forliðir eiga að okkar mati að geta gefið góða mynd af því sem um ræðir, en áhersla skal lögð á að alls ekki er um að ræða tæmandi yfirlit.[6] Þess skal getið að fjórir forliðir, *nauð-*, *stór-*, *þraut* og *þrá-*, voru leitaðir uppi en ákveðið var að nýta þá ekki í þessari rannsókn. Forliðirnir *nauð-*, *þraut-* og *þrá-* eru á sinn hátt sérstakir því að þeir bera allir sterka merkingu sem virðist fylgja þeim betur en mörgum öðrum forliðum sem fá áhersluhlutverk og missa við það eiginlega merkingu sína (sbr. t.d. *bál-* í *bálreiðast*, *grjót-* í *grjótþegja* o.s.frv.). Í sögnum með *nauð-* virðist skýr vísun í hugtökin nauð, neyð vera ráðandi allt frá fornu máli þó að dæmi séu til um áhersluhlutverk frá síðari öldum, t.d. í *nauðlesa* ‘lesa til hlítar’, *nauðraka* ‘raka allt hár af höfði’ og *nauðþekkja* ‘þekkja mjög vel’. Þessi forliður kemur

[6] Við lok greinarskrifa komu á daginn m.a. sagnirnar *bandbrjálast*, *dúndurvirka* o.fl. með *dúndur-*, *kýrnegla* um sjónvarpsseríu sem hefði auðveldlega átt að fá sérlega góða dóma eða einkunn, þ.e. „negla“ slíka einkunn, og *steintaka* í sambandi við laxveiði, þegar laxinn stekkur á fluguna.

fyrir í áhersluhlutverki með lýsingarorðum í fornu máli, *nauðljótr* ‘mjög ljótur’, og er ljóst að nánari athugunar er þörf. Okkur virðist einnig að forliðurinn *þraut-* sé fremur notaður í eiginlegri merkingu en áherslumerkingu; þ.e. merkingin virðist yfirleitt lúta að því að eitthvað sé gert til þrautar/loka, einhverju sé haldið áfram þar til það tekst, þar til allt þrýtur o.s.frv. Forliðurinn *þrá-* ber í sér sterka endurtekningarmerkingu sem virðist fylgja honum frá elsta máli til nútímans og vera meginmerking og hlutverk liðarins, fremur en að hann hafi fengið almennt áhersluhlutverk; t.d. virðist ómögulegt að nota (eða búa til) sagnir á borð við **þráskemmta*, **þráseljast*, **þrásigra* án þess að tengja þær við endurtekningu, að eitthvað sé gert sí og æ. Þetta eru eigi að síður mjög áhugaverðir forliðir og þarf að skoða þá sérstaklega. Loks er forliðurinn *stór-* í sjálfum sér alltaf herðandi og okkur taldist að erfitt yrði að greina á milli sagna sem hafa þann forlið í eiginlegri merkingu og í hreinu áhersluhlutverki.

Rannsóknin spannar allt frá elsta máli til nútímamáls og í framhaldi af ofangreindri leit í nútímamáli, sem leiddi af sér forliðina sem raktir eru í *Töflu 4*, var leitað að sömu liðum í eldra máli til þess að fá hugmynd um líklegan aldur og virkni (e. productivity) þeirra sem áhersluforliða. Hugtakið virkni er í þessu sambandi notað yfir fjölda ólíkra sagna (grunnorða) sem standa með hverjum áhersluforlið, sjá nánar 4.3.2. Var þar fyrst og fremst stuðst við netútgáfu norrænu fornmálsorðabókarinnar, *Ordbog over det norrøne prosasprog* (ONP), auk þess sem stöku sinnum var leitað í *An Icelandic-English Dictionary* (Cleasby og Vigfússon 1957) og *Ordbog over det gamle norske Sprog* (Fritzner 1886–1896). Safn ONP tekur til orða í óbundnu máli fram til 1540 en orð úr skáldamáli hafa einnig verið skráð þar sem viðbótarflettur án eiginlegrar orðtöku og eru án orðabókarupplýsinga. Flest þeirra má finna í *Lexicon poeticum* (1931), orðabók um fornan kveðskap, og var reynt að nýta það rit til að dæma um slík orð sem komu fram í ONP. Í mörgum tilfellum er þó erfitt að greina eiginlega merkingu í líkingamáli og kenningum kveðskaparins. Enn fremur var dæma í yngra máli leitað í *Ritmálssafni Orðabókar Háskólans* (ROH) sem nær frá miðri 16. öld fram til seinni hluta 20. aldar, og var þar einkum hugað að elstu skráðu dæmum um orð með þessum forliðum. Þess skal getið að allmörg orð úr heimildum eftir 1540 koma upp við leit á vefsíðu ONP en þau eru í flestum tilfellum tilfærð einungis sem uppflettimynd, án orðabókarupplýsinga. Var reynt að leita þeirra í ROH. Við öflun dæma úr nútímamálinu var stuðst við Rmh. og Tím.

3.2 Flokkun dæma og aðferð

Eins og kemur fram í rannsóknarspurningunum í 1. kafla er ætlunin að skoða að minnsta kosti tvennt þegar kemur að áhersluforliðum og sögnum. Í fyrsta lagi að kanna að hve miklu leyti áhersluforliðirnir sem til eru í nútímamáli komi fyrir í eldra máli og séu notaðir þar sem áhersluforliðir og í öðru lagi að kortleggja hvers konar sagnir standi með þeim. Sagnirnar voru flokkaðar í eftirfarandi fjóra flokka:

(13) a. Miðmyndarsagnir, t.d. *leiðast*, *reiðast*, *skammast*

b. Áhrifssagnir, t.d. *ala*, *drepa*, *elta*

c. Áhrifslausar sagnir, t.d. *roðna*, *syfja*, *þegja*

d. Blandaðar sagnir (þ.e. bæði áhrifs- og áhrifslausar), t.d. *hækka*, *ljúga*, *sleppa*

Þessi aðferð, að flokka sagnirnar eftir málfræðilegu hlutverki þeirra, er notuð til þess að kanna hvort áhersluforliðir standi frekar með einum flokki en öðrum. Einnig er ætlunin að kanna hvort áhersluforliðir með sögnum eigi einhverja þætti sameiginlega og þá sömuleiðis hvort sagnirnar sem standa með áhersluforliðunum eigi einhverja þætti sameiginlega. Í síðari köflum verða birtar ýmsar töflur um niðurstöður leitarinnar.

4 Sögulegt yfirlit um áhersluforliði með sögnum

Í þessum kafla verður greint frá sögulegri þróun áhersluforliðanna í *Töflu 4* með sögnum frá elsta máli til nútímans. Í 4.1 verður hugað að stöðu mála í íslensku fram til um 1540, í 4.2 er greint frá áhersluforliðum með sögnum í ROH (frá 1540) og í 4.3 er fjallað nánar um áhersluforliði í nútímamálinu.

Við umræður um sögulega þróun verður að hafa í huga að þeir textar sem varðveist hafa gefa takmarkaða mynd af tungumálinu. Textamagn hverrar aldar er mismikið og eðlisólíkt. Efniviðurinn er ekki mikill fyrir forna málið né á 16., 17. og 18. öld en eykst þó smám saman, einkum á 19. og 20. öld. Þannig eru t.d. textar frá 16. öld ekki aðeins miklu færri en t.d. þeir frá 19. öld heldur eru þeir fyrrnefndu langflestir af kristilegum toga. Og textar frá 19. öld eru ekki aðeins miklu fleiri heldur mun fjölbreyttari; sjá yfirlit um textategundir í

ROH og fjölda þeirra á hverri öld hjá Ástu Svavarsdóttur o.fl. (1993:3); sbr. einnig grein Margrétar Jónsdóttur, Veturliða Óskarssonar og Þorsteins G. Indriðasonar í þessu hefti *Orðs og tungu*, bls. 104. Að auki má benda á að áhersluforliðir eru að öllum líkindum algengari í talmáli en ritmáli og því getum við ekki búist við að í ljós komi jafn margir áhersluforliðir í fyrirliggjandi textum og í talmáli þess tíma, hefðum við haft aðgang að því. Hafa ber í huga að orðtekin dæmi fyrir orðabók þarf að túlka varlega í sambandi við tíðni, virkni og dæmafjölda. Einkum er varasamt að ályktа um tíðni orða og verður það ekki gert hér. Hins vegar teljum við leyfilegt að draga (varfærnislegar) ályktanir um virkni innan tímabila og frá tíma elsta dæmis fram til nútímans.

4.1 Íslenskt mál að fornu, fram til um 1540

Leitað var í safni ONP að orðliðunum 38 sem sýndir eru í *Töflu 4* og með vissu koma fyrir sem áhersluforliðir með sögnum í nútímamáli og kannað hvort þeir kæmu einnig fyrir í sama hlutverki í eldra máli. Jafnframt var skoðuð staða þessara orðliða með orðum úr öðrum orðflokkum í eldra máli til þess að fá nánari yfirsýn yfir virkni þeirra sem áhersluforliða. Merking sem gefin er með dæmum er byggð á ONP, fornmálsorðabók Fritzners, *Lexicon poeticum* og *Íslenskri orðabók* (2002). Dæmi um þær sagnir sem koma fyrir í fornu máli eru öll í persónuhætti, nafnhætti eða sagnbót.

4.1.1 Áhersluforliðir með sögnum

Leitin leiddi í ljós að sumir liðirnir geta í fornu máli staðið í eiginlegri eða nokkurn veginn eiginlegri merkingu með sögn, t.d. *harðyrða* ‘fara hörðum orðum um’, *háferma* ‘hlaða farmi hátt (um skip)’, *helslá* ‘drepa’ (dregið af *slá í hel*, e.t.v. undir erlendum áhrifum, sjá Veturliða Óskarsson 2015:75), *snarbrýna* ‘brýna (öxi) svo vel bíti’, *steinsetja* ‘skreyta skartgrip með steinum’, *þverfeta* ‘ganga skref fyrir skref’. Á hinn bóginn reyndist örðugt að finna dæmi um notkun forliðanna í hreinu áhersluhlutverki, ‘mjög, mikið, algerlega’ o.s.frv., þar sem um væri að ræða skýra herðingu eða aukningu á grunnmerkingu sagnarinnar. Næst því kemur e.t.v. *þver-* í sögninni *þverneita*. Lýsingarorðið *þver(r)* merkir m.a. ‘andstæður’ o.þ.h. (Ásgeir Blöndal Magnússon 1995) sem í ýmsu samhengi er augljóslega herðandi. Líklegt er þó að þessi fátíða sögn í fornu máli, *þverneita*, sé dregin af orðalaginu *neita*

þverliga sem er algengt í fornum textum, og að *þver-* beri hér að skoða sem eins konar styttingu á atviksorðinu *þverliga* sem sjálft ber hina herðandi merkingu.

Nokkrar fleiri sagnir hefjast á *þver-* og þrjár þeirra er rétt að ræða nánar því að vel er hugsanlegt að þar sé á ferð notkun eða hlutverk sem á sinn hátt hefur stuðlað að því að styrkja áhersluhlutverkið sem *þver-* hefur í yngra máli. Sögnin *þvertaka* kemur fyrir í merkingunni 'harðbanna' m.a. í Snorra-Eddu (Faulkes 2005:29). *Þver-* herðir hér þó augljóslega ekki merkingu sagnarinnar *taka* heldur liggur vafalaust að baki orðalag eins og „taka (e-u) þvert", „setja/kveða þvert nei fyrir" o.fl. (sjá ONP undir *þverr*) í merkingunni 'banna, neita' o.þ.h. Sögnin *þverknýta* 'þverneita' kemur m.a. fyrir í Sturlunga sögu. Ekki heldur hér herðir *þver-* merkingu sagnarinnar og sennilegt er reyndar að orðið í heild sé dregið af nafnorði ef rétt er, eins og ýjað er að í orðabók Cleasby og Vigfússon, að frummerkingin sé að hnýta tiltekna tegund af hnút („to knit a cross knot, to deny flatly", 1957:752). Þá má nefna sögnina *þversýna* sem eitt dæmi er um í bók um lækningar og fleira og er þar notuð um það að Óðinn og Þór efli eða hafi sterk og afdrifarík áhrif á teningakast. Merkingin er óviss en giskað hefur verið á að hún sé þýðing eða túlkun á latnesku sögninni *transfiguro* (Waggoner 2011:81) og kann að vera að *þver-* sé þar frekar í merkingunni 'þversum, yfir' en í áhersluhlutverki. Í þulu frá því um 1500 (sjá dæmi í ROH) kemur sögnin *þversynja* fyrir í sömu merkingu og kann að vera að þar sé um að ræða samslátt við fyrri sögnina. (*Þversynja* í þeirri merkingu sem sögnin hefur í nútímamáli, 'synja þverlega', kemur fyrst fyrir á 19. öld.)

Þessar sagnir með *þver-* eru ræddar hér til þess að beina athyglinni að því að þó að forliðirnir 38, sem skoðaðir voru í þessari rannsókn, virðist lítt eða ekki hafa haft áhersluhlutverk með sögnum í fornu máli þá eru eigi að síður til ýmsar sagnir sem bera ofangreinda forliði. Notkun orðliða eins og *þver-* í *þverknýta*, *þverkurfa* 'deila húsi í tvennt, þversum', o.fl., þar sem forliðurinn hefur nokkuð augljósa eiginlega merkingu, kann ásamt öðru að hafa stuðlað að því að smám saman varð unnt að nota hann til áherslu fremur en í eiginlegri merkingu (eða auk hennar), þ.e. hann kerfisvæddist og fékk hlutverkið [+áhersla]. Hið sama hefur einhvern tíma í sögu íslensks máls augljóslega átt sér stað um hina forliðina; auk þess að geta áfram nýst og staðið í eiginlegri merkingu hafa þeir allir gengist undir kerfisvæðingu á einhverju stigi tungunnar.

4.1.2 Notkun áhersluforliðanna með lýsingarorðum

Við leit í ONP komu í ljós dæmi um að allmargir forliðanna hafi í eldra máli getað staðið í áhersluhlutverki með orðum úr öðrum orðflokkum en sögnum, einkum með lýsingarorðum:

(14) *bláfastr* 'alveg fastur', *blóðreiðr* 'mjög reiður', *dauð(a)-drukkinn* 'mjög drukkinn', *fokreiðr* 'mjög reiður', *hunddjarfr* 'mjög djarfur', *hundforn* 'mjög forn', *hundmargr* 'óteljandi', *hundvillr* 'með öllu týndur', *hundvíss* 'mjög vitur' (um jötna), *sárvitr* 'mjög vitur', *steinblindr* 'alveg blindur', *steindauðr* 'alveg dauður',[7] *steinóðr* 'mjög harður' (um veður)

Nær engir þessara forliða geta staðið með sögnum í fornu máli en dæmi eru til um notkun allra þeirra með sögnum í nútímamáli, sem og með lýsingarorðum. Þetta er áhugavert og bendir til þess að hlutverksvíkkun umræddra forliða, úr því að bera eiginlega merkingu yfir í að geta einnig staðið sem áhersluliðir með herðandi hlutverk, hafi líklega hafist með lýsingarorðum. Hlutverk lýsingarorða er einmitt að skýra og lýsa og þau taka þar auðveldlega með sér nánari áhersluorð eða -liði, *magnara* eða *dempara*, en slíkt á síður við um sagnir. Vissulega eru þó forskeyttar eða forliðaðar sagnir ekki sérlega algengar miðað við forliðuð lýsingarorð þegar sagan er skoðuð og er rétt að hafa það í huga þegar sagnir og lýsingarorð eru borin saman.

4.2 Áhersluforliðir með sögnum í Ritmálssafninu (frá 1540)

Til þess að fá mynd af því hvernig notkun forliðanna sem áherslulið þróaðist (eða e.t.v. hófst fyrir alvöru) var leitað dæma í ROH um sagnir með þeim 38 liðum sem hér eru til umfjöllunar. Sumar þær sagnir sem í ljós komu eru án textasamhengis í rafrænu skránni því að slíkt samhengi hefur enn ekki verið skráð við mörg orð sem einungis eitt dæmi er um (sbr. ROH, skýringar og leiðbeiningar). Er þá stundum ekki fullljóst hvort forliður er í áhersluhlutverki eða

[7] Eða 'dauður eins og steinn', sem væri þá líkingamál fremur en að *stein-* væri hér áhersluforliður. E.t.v. mætti hugsa sér að túlka mætti *dauð(a)drukkinn* sem líkingu þó að tengslin virðist ekki eins sterk og í *steindauður*.

með eiginlega merkingu. Stundum tókst þó að finna orðin í blöðum eða tímaritum á Tím. og í nokkrum tilfellum var dæmum flett upp sérstaklega í heimildarritum ROH. Við teljum því að hugsanlega rangmetin orð séu fá og hafi lítil áhrif á mat á fjölda sagna með forliðina í áhersluhlutverki eða aldur forliðanna í slíku hlutverki. Gengið er út frá því að sagnflettur án textasamhengis í ROH byggi á ótvíræðum dæmum um sagnmynd, þ.e. beygingarmynd í persónuhætti, nafnhætti eða sagnbót.[8]

Í því sem hér fer á eftir er merking stundum tiltekin, einkum ef um er að ræða fátíð orð eða tvíræðni; rýmisins vegna er þó reynt að halda slíkum upplýsingum innan hæfilegra marka.

Dæmi fundust um sagnir með 32 forliðum af þeim 38 sem leitað var að, þ.e. *bál-*, *blá-*, *blóð-*, *blý-*, *botn-*, *bráð-*, *dauð-*, *drep-*, *fok-*, *gler-*, *grút-*, *harð-*, *hauga-*, *há-*, *hel-*, *hrút-*, *hund-*, *kol-*, *ramm-*, *rík-*, *rok-*, *sár-*, *skít-*, *snar-*, *sót-*, *stein-*, *svín-*, *tröll-*, *þræl-* og *þver-* og e.t.v. um *keng-* og *smell-*. Ekki fundust dæmi um þrjá forliði notaða í áhersluhlutverki, *draug-*, *grjót-*, *stál-*, og engin dæmi eru skráð í ROH um sagnir með öðrum þremur, *drullu-*, *skíta-* og *smekk-*.

Þessi listi var notaður annars vegar til að huga að elstu dæmum um að forliður virðist koma fyrir í nokkurn veginn öruggu áhersluhlutverki. Hins vegar var reynt að meta hver virkni forliðanna var og hvernig hún þróaðist næstu aldir. Markmiðið var að koma auga á vísbendingar um virkni liðanna sem kerfisvæddra áhersluliða og um líklegan eða nálægan upprunatíma slíkrar virkni. Útilokað er að gera grein fyrir öllum þeim orðum sem safnað var og verður hér í framhaldinu reynt að gefa í stórum dráttum mynd af því sem nokkuð örugglega má lesa út úr því sem safnað var.

4.2.1 Forliðir sem fyrst koma fyrir á 16. og 17. öld í áhersluhlutverki

Frá 16. öld fundust fáein dæmi um notkun tveggja eða þriggja forliða í sennilegu áhersluhlutverki, *harð-* í *harðþjaka* ‘þjaka harðlega, misþyrma’, *ramm-* í *rammblinda* ‘blinda fullkomlega’ (um það að reiðin blindi hjartað) og e.t.v. *þverneita* ‘neita þverlega, synja’, sem nefnt var hér að framan.

[8] Kristín Bjarnadóttir (2005:95) nefnir það að fyrir komi að sagnflettur í ROH séu byggðar á dæmum um lýsingarhátt þátíðar eingöngu, eða a.m.k. án dæma um sögnina í germynd. Ekki hefur gefist tækifæri til að sannreyna hvort slíkt á við um einhverjar þeirra sagna sem hér voru leitaðar uppi.

Frá 17. öld fundust fáein dæmi um fjóra nýja forliði, *há-*, *sár-*, *snar-* og *svín-* í líklegu áhersluhlutverki með sögnum, þar á meðal *háblessa* ‘blessa sterklega’; *sárangrast* ‘sáriðrast, iðrast mjög’ og nokkrar aðrar sagnir með *sár-*; *snarstingast* ‘detta harkalega (um hest)’; *svínrífast* ‘rífast harkalega’.

Sem sjá má er aðeins um að ræða sex eða sjö forliði á fyrstu tveimur öldunum, *harð-*, *há-*, *ramm-*, *sár-*, *snar-*, *svín-* og e.t.v. *þver-*, svo að ríflega 80% þeirra áhersluforliða sem lagt var upp með koma alls ekki fyrir sem slíkir með sögnum frá 16. og 17. öld í ROH, en eins og áður hefur verið bent á í inngangi að þessum kafla þá er efniviðurinn mismikill eftir tímabilum.[9] Sem fyrr segir geta allir þessir liðir nema *ramm-* og *sár-* staðið sem forliðir sagna í eldra máli (fyrir 1540) en enginn þeirra þó í áhersluhlutverki, að svo miklu leyti sem unnt er að sjá af tiltækum gögnum.

Ýmsar sagnir er að finna með þessum forliðum í sennilegu áhersluhlutverki á 18., 19. og 20. öld. Sagnir með *harð-* og *há-* eru einkum frá 19. og 20. öld en *harð-* er einnig nokkuð algengur forliður sagna á 18. öld. Sagnir með *sár-* eru einkum frá 19. öld en einnig frá 18. og 20. öld. Með *ramm-* eru nokkrar sagnir frá hvorri öld, 19. og 20. öld; með *svín-* þrjár frá 19. öld og ein frá 20. öld. Með *þver-* eru nokkrar sagnir frá 18. öld og margar frá 19. og 20. öld. Athyglisvert er að sagnir með *snar-* koma varla fyrir á ný fyrr en á 20. öld þegar sagnir með þeim lið verða einkar margar, tæpar 40 talsins, en frá 18. öld aðeins ein og fjórar frá þeirri 19.

Stundum er e.t.v. frekar um að ræða myndræna merkingu í þessum samsetningum. Til dæmis getur verið að *svínrífast* (17ms)[10] merki einfaldlega ‘rífast eins og svín’, „Aldrei voru þau saman sátt / þau svínrifust um hverja nátt“ (í kvæði eftir Stefán Ólafsson 1885:216; í sumum handritum sama kvæðis er ýmist notuð sögnin *sírífast* eða *svívirðast*); og að í sögnum með *sár-* sé vísunin sterk í líkamlegan eða andlegan sársauka. Enn fremur er merking allra liðanna nema *sár-* og *svín-* í sjálfri sér herðandi, aukandi eða stækkandi (*harð-*, *há-*, *ramm-*, *snar-*) eða vísar til e.k. andstæðu (*þver-*). Að minnsta kosti virðist svo

[9] Nokkrir liðir til viðbótar, sem síðar fengu áhersluhlutverk auk merkingar, koma fyrir sem eiginlegir merkingarforliðir, *blóð-* (*blóðjárna*, *blóðmarka*), *botn-* (*botnvelta*), *dauð-* (*dauðrota*, *dauðslá*, *dauðsæra*), *gler-* (*glerrenna*), *haug-* (*haugsetja*), *hel-* (*helfæra*, *helnísta*, *helsyrgja*), *stál-* (*stálsetja*), *tröll-* (*trölldrepa*).

[10] Elstu dæmi um orð í ROH eru merkt öld og aldarþriðjungi, þannig að t.d. „17f“ merkir fyrri hluti 17. aldar, „17m“ mið 17. öld og „17s“ síðari hluti 17. aldar; „17ms“ merkir þá ‘mið 17. öld eða seinni hluti hennar’.

vera að jafnvel þar sem áhersluhlutverk getur verið fyrir hendi beri forliðurinn enn eitthvað af upphaflegri merkingu sinni eða sé mótaður af henni, þ.e. liðirnir hafi þar ekki að fullu kerfisvæðst á sama hátt og á við um *snar-* t.d. í *snarmóðgast* (Rmh.) og *harð-* í ungum orðum eins og *harðkrútta* 'vera mjög krúttlegur' (Rmh.), *harðfokkast* 'kvarta/bölva mikið (yfir e-u)' (Rmh.), svo dæmi séu tekin.

4.2.2 Forliðir í áhersluhlutverki á 18. öld

Leit að forliðum sem fyrst koma fram á 18. öld skilar nokkrum áhugaverðum dæmum. Í öllum tilfellum er aðeins um eina eða tvær sagnir að ræða með forliðnum í áhersluhlutverki. Þeir liðir sem ekki höfðu áður komið fyrir í þessu hlutverki, svo að okkur sé kunnugt, eru *blá-*: *bláskarða* og *bláhnota* um að móta megi fyrir skörðum í bringu á mögru fé (þ.e. að það sé holdlítið, sbr. Jónas Jónasson frá Hrafnagili 1961:164); *blóð-*: *blóðlanga* 'langa mjög mikið'; *bráð-*: *bráðala* 'ala mjög vel', *bráðhungra* 'hungra mjög mikið'; *dauð-*: *dauðlanga* 'langa mjög mikið'; *kol-*: *kolfella*, um að fella mjög margt fé, e.t.v. *koldimma* líkl. 'dimma algerlega', „nú kol-dymmir fyrir augum hennar" (um konu sem deyr); *rík-*: *rígfesta* 'festa harðlega', *rígnegla* 'harðnegla, negla fast og vel'; *stein-* í *steinsofna*; *þræl-*: *þrælberja* 'berja (mann) mjög harkalega', *þrælbinda* 'binda e-n harðlega undir e-ð'. Má þarna sennilega telja *blá-* og *þræl-* vera í áhersluhlutverki, *blá-* líklega í merkingunni 'mjög', hugsanlega þó sem lágmarkara í merkingunni 'rétt aðeins' (sbr. Ásgeir Blöndal Magnússon 1995:61; *Íslensk orðabók* 2002:131). Hinir liðirnir virðast hafa herðandi merkingu, a.m.k. í þeim sögnum sem hér voru nefndar, og vera í áhersluhlutverki. Þá er þar, á 18. öld, dæmi um *keng-* í *kengbeygja* en þá e.t.v. fremur í myndrænni merkingu, „bakid keingbeigt af elli", þó að e.t.v. megi hugsa sér að þar fylgi áhersla, 'mjög beygt'. Þessi forliður kemur næst fyrir í þjóðsögum skráðum á fyrri hluta 20. aldar í sögninni *kengbogna* og er þar líklega einnig í myndrænni merkingu auk áherslumerkingar. Hér má einnig nefna *bál-* í *bálrjúka*, um veðurham, líklega um sjórok, e.t.v. snjókomu; og *hel-* í *heltaka* 'gagntaka', um að eitthvað sé undirlagt, altekið (m.a. um frost í túnum) þó að forliðurinn herði ekki beinlínis merkingu sjálfrar sagnarinnar *taka*.

4.2.3 Forliðir í áhersluhlutverki á 19. öld og við upphaf 20. aldar

Leit að forliðunum með sögnum frá 19. öld skilar eftirfarandi nýjum liðum: *fok-*: *fokherðast*, *fokreiðast*; *gler-*: *glerharðna* ‘harðna mjög mikið’, um þurrkaðar húðir; *hauga-*: *haugaljúga* (19s20f); líklega *hund-* í sögnunum *hundnýta* ‘hraknýta, nýta þrátt fyrir allt’, *hundrota* ‘rota fullkomlega’ („Hér hýmið þið og gónið, það er hjúum skömm, að hundrota svo tímann“, Indriði Einarsson 1907:6), *hundskamma*, *hundvillast* ‘villast illilega’ (um nótt), *hundvæta* ‘bleyta sig mjög’ („Í horngrýtis polli húss við rætur / hundvætti eg mig í báðar fætur“, Sigurður Breiðfjörð 1862:48) o.fl.; *sót-* í *sótbölva*, *sótroðna*, *sótskamma*; *tröll-* í *tröllríða*, um einstaklingshyggju í vestrænum þjóðfélögum og e.t.v. í *tröllvolka*, en sú sögn kemur fyrir í bréfi frá 1885 þar sem ónefndur maður er sagður ekki hafa viljað láta tiltekinn ritstjóra „tröllvolka“ auglýsingar sem birtust í blaði nokkru. Merkingin er ekki vel ljós en gæti verið ‘handfjalla illa’, ‘óhreinka’ eða e-ð slíkt; sögnin *volka* merkir ‘velkja, leika illa, óhreinka’ (*Íslensk orðabók* 2002). Óvíst er um *smell-*: *smellsmella*, „þær höfðu trjásólaða skó á fótum og ljet í skónum, smell small í hverju spori“ (Tím., 1893, þýðing).

4.2.4 Forliðir sem fyrst koma fyrir á 20. öld í áhersluhlutverki

Leit að forliðunum með sögnum frá 20. öld í ROH skilar sex nýjum liðum: *blý-*: *blýfesta* (20f); *botn-*: *botnhemla* (20m), *botnlanga* (20m); *drep-*: *dreplanga* (20s), *drepleiðast* (20m) (og þrjár aðrar sagnir, sjá hér á eftir); *grút-*: *grútöfunda* (20m); *hrút-*: *hrútleiðast* (20m); *rok-*: *rokfiska* (20s), *rokspretta* (20s), *rokveiða* (20m). Þrjár af fimm sögnum með *drep-* (*drepreyra* ‘binda harkalega’, *drepsnúa* líkl. ‘snúa sér snöggt’, *drepspýta* ‘varpa, kasta’) eru allar úr sögum eins og sama 20. aldar höfundarins, Steinars Sigurjónssonar, og koma ekki annars fyrir. Enn fremur eru bæði dæmin um *botn-* á sinn hátt sérstök. Annars vegar er sögnin *botnhemla* myndmál, dregin af því að stíga fóthemil til botns þó að merkingin sé auðvitað ‘hemla mjög’ eða e-ð slíkt; og hins vegar kemur *botnlanga* einungis einu sinni fyrir og þá í gamanmálablaðinu *Speglinum* árið 1935, „Herra Bjarni á Reykjum biður að heilsa þjer og botn-langar til að eiga þig að“ (Tím.); er rétt að hafa það í huga að sú orðmyndun er sjálfsagt til gamans gerð.

4.2.5 Yfirlit um dreifingu forliðanna í yngra máli

Eins og fram hefur komið fundust í ROH dæmi um 32 forliði í áhersluhlutverki með sögnum af þeim 38 forliðum sem leitað var að.

Elstu dæmi um slíka notkun einstakra forliða dreifast fremur jafnt á aldirnar. Tveir eða þrír koma fyrst fyrir í þessu hlutverki á 16. öld, fjórir nýir liðir birtast á 17. öld, tíu eða ellefu nýir á 18. öld, átta á 19. öld og sex á þeirri tuttugustu (sjá *Töflu 5*). Liðirnir komast því smám saman í notkun í áhersluhlutverki, og þeir haldast í slíkri notkun. Eins og áður var nefnt (4.2) eru *draug-*, *drullu-*, *grjót*, *grút-*, *skíta-*, *smekk-* og *stál-* þeir áhersluforliðir sem ekki fundust dæmi um með sögnum í ROH.

Á 19. öld eru í notkun flestir þeir áhersluforliðir sem kynntir höfðu verið til sögunnar á 16.–18. öld. Engin dæmi fundust þó um sagnir með *keng-* frá 19. öld og líklega eru dæmin um sagnir með *bál-* (*bálloga*), *blá-* (*blákemba* ‘kemba saman blátt og hvítt (í saumaskap)’; „vorlognið blákembdi víðerni allt“ (kvæði) og *hel-* (ýmsar sagnir) með forliðinn í eiginlegri merkingu.

Á 20. öld eru a.m.k. 26 áhersluliðir í notkun af þeim 32 sem dæmi fundust um í ROH, og skal hér tiltekið eitt dæmi um sögn með hverjum lið. Textasamhengi verður ekki sýnt nema ef leita hefur þurft út fyrir ROH, og yfirleitt er ekki talin þörf á að tilgreina merkingu.

(15) bál- (*bálhvessa*), blá- (*blátrúa*, „vorum farin að blátrúa vitleysunni“ Tím.), blóð- (*blóðöfunda*), blý- (*blýfesta*), botn- (*botnhemla*), bráð- (*bráðlanga*), dauð- (*dauðkvíða*), drep- (*dreplanga*), grút- (*grútöfunda*), harð- (*harðdæma*), e.t.v. há- (*hákjafta* ‘tala mikið’),[11] hel- (*helþegja* ‘þagga alveg niður í e-m’), hrút- (*hrútleiðast*), hund- (*hundleiðast*), kol- (*koltapa*), ramm- (*rammsundla*), rík- (*ríkþéra* ‘þéra algerlega’), rok- (*rokveiða*), sár- (*sárþurfa*), skít- (*skítreka* ‘reka mjög’, um skip), snar- (*snarsundla*), stein- (*steinstansa*), svín- (*svínbogna* ‘bogna mjög mikið’), tröll- (*tröllpína*, um að e-r reyni mjög á þolinmæði e-s), þræl- (*þrælhugsa*), þver- (*þverbregða* ‘breyta harðlega út af e-u’ (eðli, vana))

[11] Um að tala mikið eftir þögn, ekki augljóslega um að tala hátt (bland.is). Annars hafa sagnir með *há-* yfirleitt og á öllum öldum nokkuð skýra merkingu um að eitthvað sé gert hátt (um hljóð eða hæð), nema helst sögnin *háhneyksla* (19s20f) og e.t.v. *háblessa*, sem áður var nefnd (17fm).

Ekki fundust dæmi í ROH um sagnir á 20. öld með sex forliðum í áhersluhlutverki, *fok-*, *gler-*, *haug(a)-*, líklega ekki *keng-*, ekki um *smell-* né *sót-*.

Í *Töflu 5* er yfirlit yfir áhersluforliði með sögnum sem er að finna í ROH og hvernig þeir skiptast á aldirnar á 16.–20. öld.

16. öld	**17. öld**	**18. öld**	**19. öld**	**20. öld**
harð-, ramm-; þver- (e.t.v.)	há-, sár-, snar-, svín-	bál-, blá-, blóð-, bráð-, dauð-, hel-, kol-, ríg-, stein-, þræl-; keng- (e.t.v.)	fok-, gler-, hauga-, hund-, skít-, sót-, tröll-; smell- (e.t.v.)	blý-, botn-, drep-, grút-, hrút-, rok-

Tafla 5: Skipting nýrra áhersluforliða með sögnum eftir öldum.

Sagnir með sumum áhersluforliðanna eru fáar, t.d. einungis ein með *blý-* (*blýfesta* 20f), *grút-* (*grútöfunda* 20m), *hauga-* (*haugaljúga* 19s20f) og *hrút-* (*hrútleiðast* 20s); ein eða tvær með *keng-* (*kengbeygja* 18s, *kengbogna* 20f) og *tröll-* (*tröllríða* 19s20f, *tröllvolka* 19s); tvær öruggar með *drep-* (*dreplanga* 20s, *drepleiðast* 20m); þrjár með *rok-* (*rokfiska* 20s, *rokspretta* 20s, *rokveiða* 20m) og *sót-* (*sótbölva* 19s, *sótroðna* 19s, *sótskamma* 19s). Aðrir forliðir eru virkari, einkum *harð-*, *sár-* og *þver-* sem koma fyrir með um 50–60 sögnum hver (sumar þó með forliðinn í merkingarhlutverki fremur en til áherslu), *snar-* (45–50 sagnir) og *bráð-* (35–40 sagnir).

4.3 Áhersluforliðir með sögnum í nútímamáli

Í þessum undirkafla verður hugað að flokkun og virkni áhersluforliðanna 38 í nútímamáli, gefið yfirlit yfir sagnflokka og hvaða áhersluforliði sagnir innan þessara flokka geta tekið með sér (4.3.1) og yfir virkni þeirra (4.3.2). Við þá athugun var aðallega stuðst við Rmh. (dæmi frá þessari öld) og Tím. og yfirlitin í töflum og viðaukum gefa til kynna stöðu mála eins og hún er í dag. Einnig verður rætt um tengsl áhersluforliða og háttaratviksorða með herðandi merkingu og um það hvers konar sögnum áhersluforliðirnir geta tengst merkingarlega (4.3.3).

4.3.1 Skipting áhersluforliða eftir sagnflokkum

Í rannsókninni var eins og áður sagði ákveðið að flokka sagnir með áhersluforliðum eftir formlegum viðmiðum, þ.e. í miðmyndarsagnir, áhrifssagnir, áhrifslausar sagnir og blandaðar sagnir. Í viðaukum 1 og 2 aftast í greininni er að finna ítarleg yfirlit yfir skiptingu sagna með áhersluforliðum og hvernig áhersluforliðir skiptust niður á þessa sagnflokka í nútímamáli. Í *Töflu 6* er sýnd skipting áhersluforliða eftir sagnflokkum. Áhersluforliðir sem geta tengst þessum sögnum eru 38 eins og áður segir, en mjög misjafnt er hversu margar sagnir hver áhersluforliður getur tekið með sér, sbr. einnig 4.3.3 um virkni einstakra áhersluforliða. Samkvæmt talningu skiptist fjöldi sagna sem standa með áhersluforliðum þannig niður á sagnflokka: 23 miðmyndarsagnir, 42 áhrifssagnir, 34 áhrifslausar sagnir og 19 sagnir í blandaða flokknum (þær sem geta bæði verið áhrifssagnir og áhrifslausar sagnir). Alls eru þetta 118 sagnir. Þessi fjöldi sagna með áhersluforliðum er ekki tæmandi fyrir íslensku en gefur góða mynd af stöðu mála.

Með miðmyndarsögnum	**Með áhrifssögnum**	**Með áhrifslausum sögnum**	**Með blönduðum sögnum**
bál-, blý-, dauð-, drep-, drullu-, fok-, grjót-, grút-, harð-, hel-, hrút-, hund-, keng-, kol-, ramm-, rok-, sár-, sót-, snar-, stein-, þver-	bál-, blá-, blóð-, botn-, bráð-, blý-, dauð-, draug-, drep-, fok-, gler-, grjót-, grút-, há-, harð-, haug(a)-, hel-, hrút-, hund-, keng-, kol-, ríg-, sár-, skít(a)-, smekk-, smell-, sót-, stein-, svín-, tröll-, þræl-, þver-	bál-, blá-, blóð-, blý-, botn-, bráð-, dauð-, drep-, drullu-, grjót-, grút-, hel-, harð-, haug(a)-, hrút-, hund-, keng-, kol-, sár-, skít-, smell-, snar-, sót-, stein-, svín-	bál-, drullu-, grút-, harð-, haug-, há-, kol-, ramm-, ríg-, sár-, skít-, smell-, snar-, sót-, stein-, þver-

Tafla 6: Skipting áhersluforliða eftir sagntegundum.

Hér koma aðallega fyrir áhersluforliðir sem eru eitt atkvæði, með fáeinum undantekningum, *drullu-*, *skíta-* og *hauga-*, t.d. *haugaljúga*. Þetta er töluvert frábrugðið því sem kom fram í athugun Þorsteins

G. Indriðasonar (2019:45) á tengslum áhersluforliða og lýsingarorða þar sem töluverður fjöldi áhersluforliðanna var tvíkvæður, þ.e. rót og eignarfallsending. Eins og áður hefur verið nefnt gæti skýringar verið að leita í því að formgerðir samsettra sagna taki sjaldnar með sér eignarfall í fyrri lið en formgerðir samsettra nafnorða og lýsingarorða.

Einnig kemur fram að sjö áhersluforliði, *bál-*, *grút-*, *harð-*, *stein-*, *kol-*, *sár-* og *sót-*, er að finna í öllum sagnflokkunum, en nokkrir áhersluforliðir geta gengið með þremur flokkum sagna. Þetta á t.d. við um *dauð-* sem getur staðið með miðmyndarsögnum, áhrifssögnum og áhrifslausum sögnum og *drullu-* sem getur staðið með miðmyndarsögnum, áhrifslausum sögnum og blönduðum sögnum. Liðir eins og *gler-* og *tröll-* geta aftur á móti einungis tengst áhrifssögnum.

4.3.2 Virkni áhersluforliðanna

Í Töflu 7 er gefið heildaryfirlit yfir áhersluforliðina í nútímamáli og þær sagnir sem urðu á vegi okkar með þessum liðum. Þessar tölur gefa vísbendingar um virkni einstakra áhersluforliða því að hér er um að ræða grunnorðstíðni (e. type frequency), þ.e. sagnirnar (grunnorðin) eru allar mismunandi (sjá t.d. Haspelmath 2002:109). Grunnorðstíðnin er ekki óyggjandi þegar kemur að því að mæla virkni en gefur góða mynd af stöðu mála (sjá t.d. Þorstein G. Indriðason 2005 og 2009). Nokkrum sögnum sem urðu á vegi okkar er sleppt í þessu yfirliti, t.d. *bráðgera* og *grútskýra* sem vafalaust má líta á sem orðaleiki, annars vegar þegar sagt er að ekki skuli „bráðgera upp á milli bráðgerra barna“ (Twitter 2015) og hins vegar þegar talað er um að einhverjir séu að „grútskýra“ tiltekið efni (*Heimildin* 2017; Twitter 2021).

Forliður	**Sagnir**
bál-	frysta, hvessa, reiðast, rjúka, vonskast
blá-	banna, neita, þræta
hund-	elta, leiðast, pirra, sakna, sjá (eftir), skammast, þeyta
keng-	beygja, beygla, beyglast, bogna, bróka, brjóta, dópa, fylla, halda (fram hjá), hólka, hólkast, húkka, negla, passa, ríða, rugla, spassast, sturlast, svigna, virka

Forliður	**Sagnir**
blóð-	langa, mjólka, naga, roðna, skera, smella, vanta, öfunda
blý-	festa, sperrast, standa
botn-	fíla, keyra, langa, velta, þenja
bráð-	gera, langa, vanta, öfunda
dauð-	bregða, hata, hlakka, hreinsa, kvíða, langa, leiðast, sárna, sjá (eftir), skammast, sverja, syfja, öfunda
draug-	fylla
drep-	langa, leiðast, reyra, sakna, snúa, spýta, vanta, öfunda
drullu-	langa, leiðast, sjá, tapa
kol-	bregða, brjálast, drepa, falla, flengja, fylla, gleymast, gleypa, krumpast, ríða, rústa, ryðga, slútta, tapa, versna, vinna
ramm-	festa, festast, girða, læsa, skekkja, skorða, villast
ríg-	binda, blotna, falla, festa, girða, halda, hanna, hengja, herða, hlæja, hólkast, hækka, mana, negla, njörva, passa, selja, skorða, skorðast, staðna
rok-	fiska, ganga, græða, hækka, seljast, veiða, vinna, virka, þéna
sár-	batna, biðja, bæna, efast, finna (til), gráta, gremjast, hneykslast, iðra, iðrast, kenna (til), kvarta, kveljast, kvíða, langa, leiðast, móðga, móðgast, neita, reiðast, sakna, skammast (sín), skorta, slasa, slasast, vanda, vanhaga, vanta, veikjast, verkja, vonast, vorkenna, þarfnast, þjá, þjást, þrá, þurfa, þyrsta, öfunda
skít-	falla, halda, mixa, nýta, pésast, redda, reka, sleppa, tapa
skíta-	mixa, redda
smekk-	fylla, passa, spilla

Forliður	Sagnir
fok-	græða, herða, reiðast
gler-	halda (kjafti), herða
grjót-	halda, liggja, líma, negla, sofa, sofna, tapa, villast, þegja
grút-	bögglast, falla, fornæmast, leiðast, mala, pæla, skamma, skýra, tapa, öfunda
harð-	banna, dæma, fokkast, frussa, hnoða, krútta, loka, læsa, minna, neita, skamma, taka (fyrir)
haug(a)-	auka, drulla, ljúga, rigna, ryðga, smyrja, snjóa
há-	bölva, dramatísera, hneyksla
hel-	auglýsa, grípa, kafna, krosspassa, kötta, modda, slaka, spritta, taka, takast, tana, þegja
hrút-	endurtaka, langa, leiðast
smell-	falla, fatta, fíla, ganga, hitta, lenda, lúkka, passa, virka
snar-	aukast, batna, bremsa, breyta, dýpka, fjölga, hemla, hækka, hætta, krullast, lækka, minnka, móðgast, snúa, snúast, stansa, stoppa, stöðva, versna, þagna
sót-	blóta, bölva, bölvast, glóa, roðna, skamma, öskurbölva
stál-	herða, herðast
stein-	drepa, drepast, gleyma, halda, hætta, liggja, rota, rotast, sofa, sofna, sökkva, þagna, þegja
svín-	ala, beygja, binda, bogna, keyra, liggja, lúkka, rífast, virka
tröll-	magna, nauðga, pína, ríða, sliga, æla
þræl-	auglýsa, beita, blanda, brjóta, festa, fíla, halda, hugsa, loka, lúkka, móðga, nota, sánda, skekkjast, skemmast, slitna, smella, sprengja, totta, vorkenna
þver-	banna, biðja (fyrir), brjóta, hjóla, móðgast, neita, stoppa, svína, venda

Tafla 7: Yfirlit yfir dreifingu áhersluforliða með sögnum í nútímamáli.

Í (16) eru sýndir áhersluforliðir og fjöldi mismunandi sagna sem þeir geta staðið með, þ.e. grunnorðstíðnin í nútímamáli:

(16) sár- (39), þræl- (20), keng- (20), snar- (20), ríg- (20), kol- (16), stein- (13), dauð- (13), harð- (12), hel- (12), grút- (10), grjót- (9), rok- (9), skít- (9), smell- (9), svín- (9), þver- (9), blóð- (8), drep- (8), haug(a)- (7), hund- (7), ramm- (7), sót- (7), tröll- (6), bál- (5), botn- (5), bráð- (4), drullu- (4), blá- (3), blý- (3), fok- (3), há- (3), hrút- (3), smekk- (3), gler- (2), skíta- (2), stál- (2), draug- (1)

Af þeim 38 áhersluforliðum sem voru rannsakaðir er *sár-* með hæsta grunnorðstíðni sem bendir til mestrar virkni en næst á eftir koma *þræl-*, *keng-*, *snar-*, *ríg-* og *kol-*. Sumir áhersluforliðanna hafa lága grunnorðstíðni, tengjast einni til fimm sögnum, sem bendir til mjög lítillar virkni og þar hefur *draug-* minnsta virkni, aðeins eitt dæmi fannst um þann lið með sögnum.

Þess ber að geta í sambandi við *haug(a)-* í *Töflu 7* að dæmi fundust um *haugljúga* og *haugaljúga*, hinar sex sagnirnar hafa allar *haug-* sem forlið. Nokkrar fleiri sagnir voru skráðar með forliðnum *hel-* en þær sem hér eru taldar upp, þar sem e.t.v. er um að ræða merkingarleg eða sögubundin tengsl við hel (dauða) eða dauðagyðjuna *Hel* fremur en að forliðurinn sé í áhersluhlutverki, t.d. *helblána* (í framan), *helsýkja* ('verðbólgan helsýkir efnahagskerfið'). Þá skal þess getið að nokkrar sagnir með *hund-* sem skráðar voru umfram þær sem nefndar eru í töflunni virðast fremur hafa tengsl við hunda, þ.e. *hundblotna*, *hundskamma*, *hundeltast* (við e-ð), o.fl. Loks er rétt að benda á varðandi sögnina *þverbiðja* (*fyrir*), að sennilegt er að þar sé um að ræða samslátt við *þvertaka fyrir*.

4.3.3 Áhersluforliðir, háttaratviksorð og sagnir

Atviksorð eru notuð til þess að skýra betur merkingu sagnarinnar í setningunni. Þegar um er að ræða áhersluforliði með lýsingarorðum og nafnorðum er mögulegt að umorða þá strúktúra með atviksorðum og lýsingarorðum (sbr. 2.4). Spurningin er þá sú hvort hægt er á sama hátt að lýsa sambandi áhersluforliða og sagna með umorðun með sögn og háttaratviksorði með herðandi merkingu (áhersluorði). Það mætti gera á eftirfarandi hátt: *Áf.* (áhersluforliður) + *so.* → *so.* + *áhersluorð (ao.)*. Jafnvel mætti bæta við áhersluorði í formúluna: *Áf.*

+ so. → so. + áhersluorð (ao.) + áhersluorð (ao.). Þannig mætti umorða *drullutapa* með *tapa rosalega* eða jafnvel *tapa rosalega illa.* Einhverjar merkingarlegar hömlur geta þó verið á slíkum umorðunum og fer það þá eftir merkingu sagnarinnar. Þannig gengur t.d. ekki sérlega vel að umorða *steindrepast* sem að **drepast rosalega illa*, og mætti skýra það með því að *drepast* feli í sér eitthvað endanlegt og ómælanlegt, að erfiðara sé að herða slíkar sagnir.

Samantekið þá væri hægt að lýsa tengslum áhersluforliða við nafnorð, lýsingarorð og sagnir við setningaformgerðir með nafnorðum, lýsingarorðum og sögnum eins og sýnt er í (17):

(17) a. Áf. + no. → (ao.) + lo. + no.

dúndurfyllirí → (mjög) mikið fyllirí

b. Áf. + lo. → ao. + lo.

bálreiður → mjög reiður, *gríðarlega reiður*

c. Áf. + so. → so. + ao. + (ao.)

drullutapa → tapa rosalega, *tapa rosalega illa*

Spurningin í sambandi við (17)c. er þá sú hvort það séu einungis sagnir sérstakrar merkingar sem geti staðið með áhersluorðum og þá um leið áhersluforliðum. Hjá Jóhannesi Gísla Jónssyni (2005:487–499) er fjallað um merkingu sagna, svonefnda verknaðarflokka. Sögnum er skipt í fjóra flokka, þ.e. ástandssagnir (t.d. *kunna*), atburðasagnir (t.d. *brotna*), aðgerðasagnir (t.d. *gefa*) og athafnarsagnir (t.d. *hlaupa*). Meðal þess sem Jóhannes Gísli kannar er hvort sagnirnar í þessum flokkum geti staðið með háttaratviksorðum eins og *vandlega* eða með forsetningarlið á borð við *af kappi*. Hann kemst að raun um að aðeins athafnarsagnir geti staðið með háttaratviksorðum. Hann nefnir sem dæmi að ekki sé hægt að nota háttaratviksorð með ástandssögnum eins og *kunna*, *halda* og *vita*, sbr. (18), vegna þess að líklegt er að frumlag þessara sagna sé ekki gerandi heldur fremur skynjandi eða reynandi (2005:489):

(18) a. *Jón kunni latínu af kappi
b. *Jón hélt þetta vandlega
c. *Jón vissi þetta af kappi

Tengsl áhersluforliða og sagna við háttaratviksorð eru náin á þann hátt að yfirleitt er hægt að umorða formgerðir með áhersluforliðum og sögnum með því að nota háttaratviksorð í stað áhersluforliðanna, sbr. (17)c. Því mætti halda því fram að ef hægt er að nota áhersluforliði með sögnunum þá bendi það til þess að um athafnarsagnir sé að ræða.

Spurningin er þá sú hvort sagnir með áhersluforliðum falli undir það að standa með frumlagi sem er gerandi, þ.e. að þær falli í flokkinn athafnarsagnir. Samkvæmt Jóhannesi Gísla Jónssyni (2005:493) er frumlag athafnarsagna „líklega oftast gerandi þótt athafnir séu mismunandi 'virkar', þ.e. þær fela í sér mismunandi mikla virkni af hálfu frumlags." Hann bætir því reyndar við (s.st.) að slíkar sagnir séu oftast áhrifslausar. Hins vegar getur verið munur á sömu sögn eftir því hvort hún er notuð sem áhrifslaus sögn eða áhrifssögn. Sögn eins og *tapa* getur bæði verið áhrifslaus, sbr. „Landsliðið tapaði í gær" og áhrifssögn, sbr. „Jón tapaði miklum peningum á sölunni". Í dæmasafni okkar getur áhersluforliðurinn *skít-* staðið með *tapa*, þ.e. *skíttapa*, og eftirfarandi setning gengur ágætlega með áhrifslausri sögn: „Landsliðið skíttapaði fyrir Belgum í gær". Sögnin *skíttapa* sem áhrifssögn er hins vegar dálítið sérstök því að notkun hennar virðist fyrst og fremst bundin við einhvers konar keppni, *skíttapa máli*, *skák*, *leik* o.s.frv. Í öðrum tilvikum, þar sem merkingin er önnur, er erfiðara að nota *skíttapa* sem áhrifssögn, sbr. „?Jón skíttapaði miklum peningum á sölunni". Varðandi samband áhersluforliða og merkingarflokka sagna er frekari rannsókna þörf til þess að komast að óyggjandi niðurstöðu um þessi tengsl.

Önnur spurning sem vaknar í þessu samhengi er hvort hin nánu tengsl áhersluforliða og háttaratviksorða séu alltaf til staðar eða hvort áhersluforliðir geti líka staðið með sögnum sem háttaratviksorð geta ekki staðið með. Jóhannes Gísli Jónsson (2005:491) nefnir t.d. að atburðasagnir eins og *þorna* og *deyja* geti tæpast staðið með háttaratviksorðum, sbr. **skyrtan þornaði kröftuglega* og **Grettir dó af kappi*. Í okkar dæmasafni eru hins vegar til áhersluforliðir sem geta staðið með *þorna* og *deyja*, sbr. *bráðþorna*, *snarþorna* og *snardeyja* og *steindeyja.* Slík dæmi benda til þess að ekki sé hægt að setja beint samasemmerki milli notkunar áhersluforliða og háttaratviksorða með sögnum.

Niðurstaðan af þessari lauslegu athugun á sambandi áhersluforliða, háttaratviksorða og sagna er þá sú að sagnir með áhersluforliðum geti verið athafnarsagnir, þ.e. þar sem frumlagið er gerandi, en að hins vegar geti sagnir af öðrum flokkum einnig staðið með áhersluforliðum og það þyrfti að kanna nánar þótt það verði ekki gert hér.

5 Helstu niðurstöður

Í þessari grein hefur verið fjallað um áhersluforliði með sögnum í íslensku, samtímalega og sögulega. Í upphafi var á það minnst að lítið hafi verið skrifað um þetta efni bæði á íslensku og öðrum málum. Í greininni hefur verið reynt að bæta úr því með því að skoða stórt dæmasafn með slíkum formgerðum sem nær frá elstu íslensku til nútímamálsins. Í inngangi voru settar fram fjórar rannsóknarspurningar sem hér skulu rifjaðar upp og rædd svör við þeim, í þeim mæli sem þau liggja fyrir:

1. Hvers eðlis eru áhersluforliðir og hvernig má lýsa málfræðilegu sambandi áhersluforliða og sagna?

2. Eiga áhersluforliðir með sögnum eitthvað sameiginlegt formlega og merkingarlega?

3. Eiga sagnir með áhersluforliðum eitthvað sameiginlegt formlega og merkingarlega?

4. Er hægt að greina sögulega þróun áhersluforliða frá samsvarandi liðum með eiginlega merkingu?

Áhersluforliðir eru kerfisvæddir liðir sem dregnir eru af sjálfstæðum orðum. Þeir eru til samhliða sjálfstæðum orðum en hafa annað hlutverk, bæði merkingarlega og málfræðilega. Þannig er augljós munur á formgerðunum *öskufall* og *öskureiður*. Áhersluforliðurinn stendur með lýsingarorði til áherslu, en *ösku-* í eiginlegri merkingu getur alla jafna ekki staðið með lýsingarorði nema e.t.v. þeim sem lýsa lit (sbr. *öskugrár*), í stöku tilfellum með lýsingarorðum sem ekki eiga við liti, sbr. *öskufrír*, og með lh.þt., sbr. *öskublandinn* og *öskumettaður*.

Lýsa má málfræðilegu sambandi áhersluforliða og sagna þannig að hægt sé að umorða það samband með sögn og áhersluorði, sem

er þá háttaratviksorð, t.d. *rosalega*. Þessu má lýsa á eftirfarandi hátt: *dauðbregða → bregða rosalega*, *blóðöfunda → öfunda rosalega* og *rammvillast → villast algerlega*. Og stundum er hægt að nota tvöfalt atviksorð, sbr. það að *skíttapa → tapa rosalega illa*, *dauðbregða → bregða rosalega mikið.* Bent var á að í sumum tilvikum liggi merking áhersluforliðarins nokkuð nærri merkingu eiginlegs nafnorðs og þá geti verið erfitt að beita umorðun, sbr. það að *þrautathuga* merkir varla að *?*athuga rosalega*. Hér er frekar hægt að umorða *þrautathuga* með *athuga til þrautar*, *athuga vandlega*, en *þraut* í *þrautklúðra* hefur sterkari áherslumerkingu, sbr. *þrautklúðra → klúðra rosalega*.

Það sem einkennir áhersluforliði með sögnum formlega er að þeir eru oftast einkvæðir (rætur) en sjaldan tvíkvæðir (þá oftast rætur + eignarfallsmyndir viðkomandi orða). Þetta er frábrugðið áhersluforliðum með lýsingarorðum og nafnorðum sem geta líka verið tvíkvæðir, þ.e. með rót og eignarfallsendingu. Þetta gæti skýrst af því að samsett lýsingarorð og nafnorð geta tekið með sér eignarfall í fyrri lið (t.d. *appelsín-u-rauður* og *sjúkr-a-hús*) en síður samsettar sagnir. Af 38 áhersluforliðum með sögnum sem kannaðir voru fundust aðeins þrír sem voru tvíkvæðir, *skíta-*, *hauga-* og *drullu-*. Sá síðastnefndi er greinilega eignarfallsmynd af *drulla*, en óljósara er hvernig greina eigi hina tvo. Ef um eignarfallsmynd væri að ræða væri eðlilegra að *skíta-*kæmi fram í eignarfalli eintölu, *skíts-*, og e.t.v. er hér um tengihljóð að ræða. *Hauga-* gæti hins vegar gengið sem eignarfall fleirtölu. Rétt er að minna á að dæmi fundust einnig um einkvæða liði, þ.e. *skít-* og *haug-*.

Einnig var kannað með hvers konar sögnum áhersluforliðir geta staðið. Sagnir sem geta staðið með áhersluforliðum skiptast formlega í miðmyndarsagnir, áhrifssagnir, áhrifslausar sagnir og blandaðar sagnir (þ.e. sagnir sem bæði eru áhrifssagnir og áhrifslausar sagnir). Flest dæmi fundust um áhrifssagnir og áhrifslausar sagnir en fæst um miðmyndarsagnir sem út af fyrir sig er eðlilegt því miðmyndarsagnir eru færri. Merkingarlega virðist það vera þannig að það henti einkum svonefndum athafnarsögnum að standa með áhersluforliðum. Við umorðun frá formgerðum með áhersluforliðum og sögnum yfir í sögn og háttaratviksorð með áherslumerkingu eiga athafnarsagnir auðvelt með að taka með sér þannig atviksorð, eins og *rosalega*, *ákaflega*, *hrikalega* o.s.frv. Í greininni var hins vegar einnig bent á dæmi þess að ekki þurfi alltaf að vera bein tengsl milli áhersluforliða og háttaratviksorða og að áhersluforliðir geti staðið með annars konar sögnum.

Greina má ákveðna sögulega þróun áhersluforliða frá elstu íslensku til nútímaíslensku. Segja má að dæmi um áhersluforliði með sögnum séu fátíð eða vart fyrir hendi í fornu máli, eða allt fram um 1550, og að tenging slíkra liða við sagnir sé því merki um nýjung í málinu. Áhersluforliðir með lýsingarorðum og nafnorðum eru hins vegar fyrir hendi á þessu tímabili þó að þeir virðist ekki eins fjölskrúðugur hópur og síðar varð. Þörf er á sögulegri rannsókn á því efni þó að sitthvað sé til þar um, en ljóst má vera að notkun þeirra sem áhersluliða helst í hendur við kerfisvæðingu þeirra og hún virðist hefjast í sambandi við lýsingarorð. Einnig væri þörf á að skoða af hverju notkun áhersluforliða eykst almennt, og þá hvort sú aukning hafi að einhverju leyti verið á kostnað áhersluorða. Á tímabilinu frá miðri 16. öld til 19. aldar virðast áhersluforliðir með sögnum verða algengari; yfir 40 áhersluforliði með sögnum er svo að finna í nútímamáli og voru 38 þeirra skoðaðir hér. Mismargar sagnir er að finna með hverjum áhersluforlið sem er ákveðin vísbending um misjafna virkni þeirra í tímans rás.

Heimildir

Ascoop, Kristin og Torsten Leuschner. 2006. “Affixoidhungrig? Skitbra!” Comparing affixoids in German and Swedish. *STUF* 59(3):241–252.

Ásgeir Blöndal Magnússon. 1995 [1989]. *Íslensk orðsifjabók*. 3. prentun með leiðréttingum. Reykjavík: Orðabók Háskólans.

Ásta Svavarsdóttir, Guðrún Kvaran, Jón Hilmar Jónsson og Kristín Bjarnadóttir. 1993. *Sýnihefti sagnorðabókar*. Rannsóknar- og fræðirit 3. Reykjavík: Orðabók Háskólans.

Battefeld, Malte, Torsten Leuschner og Gudrun Rawoens. 2018. Evaluative morphology in German, Dutch and Swedish: constructional networks and the loci of change. Í: Kristel Van Goethem, Muriel Norde, Evie Coussé og Gudrun Vanderbauwhede (ritstj.): *Category Change From a Constructional Perspective*, bls. 229–262. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins.

Bolinger, Dwight. 1972. *Degree Words*. The Hague: Mouton.

Cleasby, Richard og Guðbrandur Vigfússon [Gudbrand Vigfusson]. 1957. *An Icelandic-English Dictionary*. Initiated by Richard Cleasby. Subsequently revised, enlarged and completed by Gudbrand Vigfusson, M.A. Second Edition. With a Supplement by Sir William A. Craigie. Oxford: At the Clarendon Press.

Faulkes, Anthony (útg.). 1998. *Snorri Sturluson. Edda. Skáldskaparmál.* 1. Introduction, Text and Notes. London: Viking Society for Northern Research, University College London.

Faulkes, Anthony (útg.). 2005. *Snorri Sturluson. Edda.* Prologue and *Gylfaginning*. London: Viking Society for Northern Research, University College London.

Fjeld, Ruth Vatvedt. 2020. Helt sjukt å være så jævlig god. Bruk av adjektivforsterkere i moderne norsk. Í: Kristin Hagen, Arnstein Hjelde, Karine Stjernholm og Øystein Vangsnes (ritstj.): *Bauta: Janne Bondi Johannessen in memoriam. Oslo Studies in Language* (OSLA) 11(2):113–133.

Fritzner, Johan. 1886–1896. *Ordbog over det gamle norske Sprog* 1–3. Kristiania: Den norske Forlagsforening.

Goethem, Kristel Van. 2008. Oud-leerling versus ancien éleve: A Comparative Study of Adjectives Grammaticalizing into Prefixes in Dutch and French. *Morphology* 18:27–49.

Haspelmath, Martin. 2002. *Understanding Morphology*. Oxford: Oxford University Press.

Heimildin. 3.3.2017. <heimildin.is/leidari/vandamalid-med-forsaetisradherrann-okkar> (sótt í september 2023).

Heine, Bernd og Tania Kuteva. 2002. *World Lexicon of Grammaticalization*. Cambridge: Cambridge University Press.

Indriði Einarsson. 1907. *Nýársnóttin. Sjónleikur í fimm þáttum*. Reykjavík: Bókaverzlun Guðm. Gamalíelssonar.

Iversen, Ragnvald. 1973. *Norrøn grammatikk*. 7. útgáfa. Osló: Aschehoug Forlag.

Íslensk orðabók. 2002. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Mörður Árnason (ritstj.). Reykjavík: Edda.

Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. Merkingarflokkar nafnliða og sagna. Í: Höskuldur Þráinsson (ritstj. og aðalhöfundur): *Setningar. Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga 3, bls. 435–499. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Jónas Jónasson frá Hrafnagili. 1961. *Íslenzkir þjóðhættir*. Einar Ól. Sveinsson bjó undir prentun. Þriðja útgáfa. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Kristín Bjarnadóttir. 2005. *Afleiðsla og samsetning í generatífri málfræði og greining á íslenskum gögnum*. Rannsóknar- og fræðslurit 7. Reykjavík: Orðabók Háskólans.

Lexicon poeticum = Finnur Jónsson (útg.). 1931. *Lexicon poeticum antiquæ linguæ septentrionalis – Ordbog over det norsk-islandske skjaldesprog*. Forfattet af Sveinbjörn Egilsson. Forøget og pøny udgivet for Det kongelige nordiske Oldskriftselskab ved Finnur Jónsson. Kaupmannahöfn: S. L. Møllers Bogtrykkeri.

Lundbladh, Carl-Erik. 2002. *Prefixlika förleder*. <spraakdata.gu.se/ordat/pdf/ORDAT17.pdf > (sótt í september 2023).

Mannlíf. 13.8.2023. <mannlif.is/ordromur/svandis-svinbeygd> (sótt í september 2023).

Margrét Jónsdóttir. 2018. Orðið *kýrskýr*. Merking og myndun. *Orð og tunga* 20:91–104.

Margrét Jónsdóttir, Veturliði Óskarsson og Þorsteinn G. Indriðason. 2024. *-an-* á undan viðskeytinu *-legur* í íslensku: Tilraun til túlkunar. *Orð og tunga* 26:95–124.

Matisoff, James A. 1991. Areal and Universal Dimensions of Grammatization in Lahu. Í: Elisabeth Closs Traugott og Bernd Heine (ritstj.): *Approaches to Grammaticalization* 2, bls. 383–453. Amsterdam: Benjamins.

Meibauer, Jörg. 2013. Expressive compounds in German. *Word Structure* (6)1:21–43.

Mjelde, Kjersti Sørum. 2018. «Vi syns det er dødsmorsomt, *faktisk.» Semantisk og grammatisk analyse av forsterkende forledd i norsk*. Óútgefin meistaraprófsritgerð, Björgvinjarháskóla.

Norde, Muriel og Kristel Goethem. 2018. Debonding and clipping of prefixoids in Germanic: Constructionalization or constructional change? Í: Geert Booij (ritstj.): *The Construction of Words. Advances in Construction Morphology*, bls. 197–240. Dordrecht: Springer.

ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog*. Københavns Universitet: Institut for Nordiske Studier og Sprogvidenskab. <onp.ku.dk> (sótt í september 2023).

Petersen, Hjalmar P. 2018. Styrkjandi forliðir sum *grót-*, *hunda-* og *steyr-* í *grótføroyskur*, *hundasjúkur* og *steyrblindur*. *Fróðskaparrit* 64:21–34.

Quirk, Randolph, Sidney Greenbaum, Geoffrey Leech og Jan Svartvik. 1985. *A Comprehensive Grammar of the English Language.* London: Longman.

Rmh. = *Risamálheildin*. 2019. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <malheildir.arnastofnun.is> (sótt í september 2023).

ROH = *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <ritmalssafn.arnastofnun.is> (sótt í september 2023).

Sigrún Þorgeirsdóttir. 1986. *Um forskeyti í íslensku*. Ritgerð til kandídatsprófs í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands, Reykjavík.

Sigurður Breiðfjörð. 1862. *Nokkrir smákvedlingar eptir Sigurð Breiðfjörð*. Kaupmannahöfn: Prentaðir á kostnað Páls Sveinssonar.

Skommer, Grzegorz. 1993. Morphological intensifiers of meaning in Norwegian. *NLT* 11(2):135–155.

Starkaður Barkarson, Steinþór Steingrímsson og Hildur Hafsteinsdóttir. 2022. Evolving Large Text Corpora: Four Versions of the Icelandic Gigaword Corpus. Í: *Proceedings of the 13th Conference on Language Resources and Evaluation (LREC 2022)*, bls. 2371–2381. <lrec-conf.org/proceedings/lrec2022/index.html> (sótt í september 2023).

Stefán Ólafsson. 1885. *Kvæði eptir Stefán Ólafsson* 1. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmentafélag.

Stevens, Christopher M. 2005. Revisiting the Affixoid Debate: On the Grammaticalization of the Word. Í: Torsten Leuschner, Tanja Mortelmans og Sarah De Groodt (ritstj.): *Grammatikalisierung im Deutschen*, bls. 71–84. Berlin/Boston: De Gruyter.

Stratton, James M. 2020. Adjective Intensifiers in German. *Journal of Germanic Linguistics* 32(2):183–215.
Stratton, James M. og John D. Sundquist. 2021. *Intensifier Variation in Norwegian*. Fyrirlestur á 12tu alþjóðlegu ráðstefnunni um norræn og almenn málvísindi í Osló 14. júní.
Stratton, James M. og John D. Sundquist. 2022. A Variationist Sociolinguistic Analysis of Intensifiers in Oslo Norwegian. *Journal of Germanic Linguistics* 34(4):385–419.
Tím. = *Tímarit.is*. <timarit.is> (sótt í september 2023).
Veturliði Óskarsson. 2015. Frumtexti og þýðing. Um íslenskar þýðingar úr ensku á 15. öld. Í: Matthew Whelpton, Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir og Martin Regal (ritstj.): *An Intimacy of Words – Innileiki orðanna. Rit til heiðurs Pétri Knútssyni*, bls. 61–83. Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Háskóla Íslands.
Waggoner, Ben (þýð.). 2011. *Norse Magical and Herbal Healing. A Medical Book from Medieval Iceland*. New Haven, Connecticut: Troth Publications.
Westervoll, Maria Theresa Robles. 2015. *Dødsinteressant eller sykt unyttig? En korpusbasert tilnærming til grammatikaliseringen av forsterkende elementer i norsk*. Óútgefin meistaraprófsritgerð, Oslóarháskóla.
Þorsteinn G. Indriðason. 2005. Historisk produktivitet. *Nordica Bergensia* 32:39–65.
Þorsteinn G. Indriðason. 2009. Um virkar og frjósamar orðmyndunarreglur í íslensku. *Íslenskt mál* 30:93–120.
Þorsteinn G. Indriðason. 2018. On Bound Intensifiers in Icelandic. Í: Hans Götzsche (ritstj.): *The Meaning of Language*, bls. 148–169. Newcastle: Cambridge Scholars Publishing.
Þorsteinn G. Indriðason. 2019. Um eðli og einkenni áhersluforliða í íslensku. *Íslenskt mál* 40:41–72.

Viðauki 1: Yfirlit yfir sagnir með áhersluforliðum

Miðmyndarsagnir með áhersluforliðum.

aukast (snar-), *bölvast* (sót-), *drepast* (stein-), *efast* (sár-), *gremjast* (sár-), *herðast* (stál-), *hneykslast* (sár-), *iðrast* (sár-), *krullast* (snar-), *kveljast* (sár-), *leiðast* (dauð-, drep-, drullu-, grút-, hrút-, hund-, sár-), *móðgast* (snar-, þver-, sár-), *reiðast* (bál-, fok-, sár-), *rotast* (stein-), *seljast* (rok-), *skammast* (dauð-, hund-, sár-), *slasast* (sár-), *snúast* (snar-), *veikjast* (sár-), *villast* (ramm-, grjót-), *vonast* (sár-), *þarfnast* (sár-), *þjást* (sár-)

Áhrifssagnir með áhersluforliðum.

ala (svín-), *banna* (blá-, harð-, þver-), *beygja* (svín-, keng-), *biðja* (sár-), *binda* (ríg-, svín-), *brjóta* (þver-), *bæna* (sár-), *drepa* (stein-), *dæma* (harð-), *elta* (hund-), *festa* (blý-), ríg-, ramm, þræl-), *fíla* (botn-, smell-, þræl-), *fylla* (draug-, keng-, kol-, smekk-), *gleyma* (stein-), *halda* (gler-, grjót-, keng-, ríg-, skít-, þræl-, stein-), *hata* (dauð-), *herða* (fok-, gler-, ríg-, stál-), *hreinsa* (dauð-), *iðra* (sár-), *kvíða* (dauð-, sár-), *húkka* (keng-), *mixa* (skít(a)-), *mjólka* (blóð-), *móðga* (sár-), *negla* (grjót-, keng-, ríg-), *neita* (sár-), *nýta* (skít-), *pína* (tröll-), *rota* (stein-), *ríða* (tröll-), *skamma* (grút-, harð-, sót-), *redda* (skít(a)-), *sakna* (sár-), *skorta* (sár-), *slasa* (sár-), *smella* (þræl-), *vanda (sig)* (sár-), *vorkenna* (sár-), *þjá* (sár-), *þrá* (sár-), *þurfa* (sár-), *öfunda* (blóð-, bráð-, dauð-, drep-, grút-, sár-)

Áhrifslausar sagnir með áhersluforliðum.

batna (snar-, sár-), *bogna* (keng-, svín-), *bregða* (dauð-, kol-), *bremsa* (snar-), *finna (til)* (sár-), *falla* (grút-, kol-, skít-, smell-), *glóa* (sót-), *gráta* (sár-), *hlakka* (dauð-), *kafna* (hel-), *kenna (til)* (sár-), *keyra* (svín-, botn-), *kvarta* (sár-), *langa* (blóð-, botn-, bráð-, dauð-, drep-, drullu, hrút-, sár-), *liggja* (grjót-, stein-, svín-), *roðna* (blóð-, sót-), *sárna* (dauð-), *sjá* (dauð-, drullu-, hund-), *snúa* (drep-, snar-), *sofa* (grjót-, stein-), *sofna* (grjót-, stein-), *standa* (blý-), *sverja* (dauð-), *syfja* (dauð-), *sökkva* (stein-), *vanhaga* (sár-), *verkja* (sár-), *versna* (snar-, kol-), *virka* (smell-, svín-), *þagna* (snar-, stein-), *þegja* (grjót-, hel-, stein-), *þræta* (blá-), *þyrsta* (sár-)

Blandaðar sagnir með áhersluforliðum.

blóta (sót-), *breyta* (snar-), *(öskur)bölva* (há-, sót-), *dýpka* (snar-), *fjölga* (snar-), *hemla* (snar-), *hneyksla* (há-), *hækka* (ríg-, smell-, snar-), *hætta* (snar-, stein-), *ljúga* (haug-), *lækka* (snar-), *læsa* (harð-, ramm-), *minnka* (snar-), *neita* (sár-), *sleppa* (skít-), *stansa* (snar-), *stoppa* (snar-, þver-), *stöðva* (snar-), *tapa* (drullu-, grjót-, grút-, kol-, skít-)

Viðauki 2: Yfirlit yfir áhersluforliði með sögnum

Áhersluforliðir með miðmyndarsögnum.

bál-(reiðast), *dauð*-(skammast, leiðast), *drep*-(leiðast), *drullu*-(leiðast), *fok*-(reiðast), *grjót*-(villast), *grút*-(leiðast), *hrút*-(leiðast), *hund*-(leiðast), *ramm*-(villast), *rok*-(seljast), *sár*-(leiðast, efast, gremjast, hneykslast, kveljast, slasast, veikjast, vonast, þarfnast, þjást), *sót*-(bölvast), *snar*-(aukast, krullast, móðgast, snúast), *stál*-(herðast), *stein*-(drepast, rotast), *þver*-(móðgast)

Áhersluforliðir með áhrifssögnum.

blá-(banna), *blóð-*(naga, mjólka, skera, smella, öfunda), *botn-*(fíla), *blý-*(festa), *bráð-*(öfunda), *dauð-*(hata, hreinsa, kvíða, öfunda), *draug-*(fylla), *drep-*(öfunda), *fok-*(herða), *gler-*(herða, halda), *grjót-*(halda, lemja, negla), *grút-*(skamma, öfunda), *harð-*(banna, dæma, skamma), *hund-*(elta), *keng-*(beygja, fylla, halda, húkka, negla), *kol-*(fylla), *rík-*(binda, festa, halda, herða, negla), *sár-*(biðja, bæna, iðra, kvíða, sakna, skorta, slasa, vorkenna, þrá, þurfa, öfunda), *skít(a)*-(halda, mixa, nýta, redda), *smekk-*(fylla, passa), *smell-*(fíla), *stál-*(herða), *stein-*(drepa, gleyma, halda, rota), *svín-*(ala, beygja, binda), *tröll-*(pína, ríða), *þræl-*(festa, fíla, halda, smella), *þver-*(banna, brjóta)

Áhersluforliðir með áhrifslausum sögnum.

blá-(þræta), *blóð-*(langa, roðna), *blý-*(standa), *botn-*(keyra, langa), *bráð-*(langa), *dauð-*(bregða, hlakka, langa, sárna, sjá, sverja), *drep-*(langa, snúa), *drullu-*(sjá, langa), *grjót-*(þegja, liggja, sofna), *grút-*(falla), *hel-*(kafna, þegja), *hrút-*(langa), *hund-*(sjá), *keng-*(bogna), *kol-*(bregða, falla, versna), *sár-*(batna, finna (til), gráta, kenna (til), kvarta, langa, vanhaga, verkja, þyrsta), *skít-*(falla), *smell-*(falla), *snar-*(batna, bremsa, snúa, versna, þagna), *stein-*(liggja, slökkva, sofa, sofna, þagna, þegja), *svín-*(bogna, keyra, liggja, lúkka, virka)

Áhrifsforliðir með blönduðum sögnum.

drullu-(tapa), *grút-*(tapa), *harð-*(læsa), *haug-*(ljúga), *há-*(bölva, hneyksla), *kol-*(tapa), *ramm-*(læsa), *rík-*(hækka), *sár-*(neita), *skít-*(tapa, sleppa), *smell-*(hækka), *snar-*(breyta, dýpka, fjölga, hemla, hækka, hætta, lækka, minnka, stansa, stoppa, stöðva), *sót-*(blóta, (öskur)bölva), *þver-*(stoppa), *stein-*(hætta)

Lykilorð

orðmyndun, áhersluforliðir, sagnir, söguleg þróun, kerfisvæðing

Keywords

word formation, bound intensifiers, verbs, historical development, grammaticalization

Abstract

The article deals with bound intensifiers with verbs, a phenomenon that has scarcely been discussed in Icelandic and international literature. The intensifiers were studied from both a historical and synchronic point of view. Various databases were used to collect the material; A Dictionary of Old Norse Prose (ONP) from Old-Icelandic to the middle of the 16th century, Ritmálssafn (ROH) from the middle of the 16th century to the second half of the 20th century, Tímarit.is (Tím.) from the middle of

the 19th century to the present day and Risamálheildin (Rmh.) which covers the modern Icelandic, especially the 21st century.

The grammatical relationship between bound intensifiers and verbs is described and an account is made of which bound intensifiers can occur with a verb, and what kind of verbs can occur with bound intensifiers. 38 bound intensifiers were examined in this way. The article also examines which of these intensifiers can be connected to verbs in Old Icelandic, and the development of bound intensifiers from Old Icelandic to the modern language is especially examined. How bound intensifiers relate to grammaticalization is studied, i.e., to what extent bound intensifiers have developed from independent words and acquired a special place in the Icelandic language.

The study revealed that bound intensifiers with verbs are quite common in the modern language, but extremely rare in Old Icelandic. It is possible to point to a certain development after 1540, where they gradually become more common with verbs, although examples have not been found for all the 38 intensifiers in the period from 1540 to the 20th century. Bound intensifiers with verbs are mostly monosyllabic, which distinguishes them from intensifiers with adjectives and nouns, which can also be disyllabic. It is shown that bound intensifiers have developed through grammaticalization from independent words, but in some cases the semantic connection between intensifier and the verb is still strong despite the grammaticalization. Grammatically, the relationship between intensifiers and verbs can be described by paraphrasing with a verb and manner adverbs, even two of them. The study also reveals that bound intensifiers can be associated with middle voice verbs, transitive verbs, intransitive verbs, and mixed verbs, i.e., verbs that can be both transitive and intransitive.

The study also revealed that there is a need for further examination of the historical development of bound intensifiers with adjectives and nouns.

Veturliði Óskarsson
prófessor í norrænum málum
Institutionen för nordiska språk
Uppsala universitet
veturlidi.oskarsson@nordiska.uu.se

Þorsteinn G. Indriðason
prófessor í norrænum málum
Institutt for lingvistiske, litterære og estetiske studier
Universitetet i Bergen
torsteinn.indridason@uib.no